FRÉTTABLAÐIÐ

248. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER 2015

Föstudagsviðtalið

Vigdís Hauksdóttir segist ekki vera að reyna að vinna vinsældakeppni á þingferlinum. Framsókn fái ómaklega gagnrýni, flokknum séu gerð upp sjónarmið á borð við rasisma og forsætisráðherra fái sérstaklega að finna fyrir því. Vigdís segir stjórnarandstöðuna ekki enn hafa sætt sig við kosningasigur Framsóknar.

SÍÐA 16

Hulduher reynir að halda Framsókn niðri

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

B

EINSTAKT OPNUNARTILBOÐ

3 RÉTTA KVÖLDVERÐUR

2 GLÖS AF LÉTTVÍNI

6.990 KR.

HÁDEGISFJARKINN 1.990 KR. ALLA VIRKA DAGA

HAPPY HOUR DAGLEGA 17-19

HELGARBRUNCH FRÁ 1.990 KR.

BORG RESTAURANT
PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK
S: 578 2020
BORGRESTAURANT.IS

Metár í tilkynningum um ofbeldi

SAKAMÁL Það stefnir í mesta fjölda ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu í níu ár. Langmest aukning er í heimilisofbeldisbrotum sem eru 472 á árinu.

Fjölgun brota er rakin til fleiri tilkynninga um heimilisofbeldi. Nýtt verklag tók gildi í byrjun árs 2015 um viðbrögð við heimilisofbeldismálum.

Greining innan lögreglunnar sýnir að heimilisofbeldismálum fjölgaði ekki í sjálfu sér heldur hafa fleiri treyst sér til að tilkynna ofbeldið, sem í sumum tilvikum hafði staðið yfir lengi.

Það sem af er ári hafa verið skráð 58 prósent fleiri heimilisofbeldismál en bárust allt árið 2014, eða 472 mál. Þótt mikil fjölgun í tilkynningum sé á þessu ári má greina fjölgun heimilisofbeldisbrota eftir hrunið.

Það sem af er ári greinir lögregla lítils háttar aukningu í alvarlegu ofbeldi. Nú þegar eru komnar 118 tilkynningar. Árið 2014 voru tilkynningarnar 151, sem er mesti fjöldi sem lögregla hefur séð á þessu tímabili. – **kbg** / **sjá síðu 10**

472
heimilisofbeldisbrot á árinu

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kári Stefánsson gagnrýnir skipan hæstaréttardómara. 21

SPORT Markverðir Breiðabliks halda markinu oftast hreinu. 24

MENNING Húbert Nói opnar sýningu í Tveimur hröfnum í dag. 34-35

LÍFIÐ Anna Þóra Björnsdóttir æfir sig í bílnum fyrir uppistand. 42-46

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SÉRBLAÐIÐ LÍFIÐ

Hrein íslensk nýsköpun

Guðrún Marteinsdóttir segist hafa orðið reið þegar hún kynnti sér innihaldsefni snyrtivara sem til eru á flestum heimilum og hóf sína eigin framleiðslu á lífrænni og eiturefnalausri húðvöru.

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● LÍFIÐ

Veður

Í dag verða suðvestan 5-13 metrar á sekúndu með rigningu eða slyddu. Á Vestfjörðum syrtir hins vegar í álinn, því þar kemur inn hvöss norðanátt með snjókomu. Eftir hádegi færist norðanstrengurinn einnig inná Norðvesturland og þegar kemur fram á kvöldið hvessir einnig og fer að snjóa á Norðausturlandi. SJÁ SÍÐU 26

Skoða bréf umboðsmanns

STJÓRNSÝSLA Bankaráð Seðlabanka Íslands mun funda um bréf umboðsmanns Alþingis til seðlabankastjóra, bankaráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra á næsta fundi sem fer fram 29. október. Þórunn Guðmundsdóttir, formaður bankaráðsins, segir ráðið vinna í málinu fyrir fundinn en vill ekki gefa nákvæmari upplýsingar.

Í bréfi umboðsmanns kemur fram að Seðlabankann hafi skort lagaheimild fyrir stofnun Eignasafns Seðlabanka Íslands, sem heldur utan um eignir upp á hundruð milljarða króna. Seðlabankinn þurfi að huga betur að því hvort kærur til lögreglu fyrir gjaldeyrisbrotamál byggi á nægjanlega traustum lagagrundvelli. Þriggja ára rannsókn á meintum gjaldeyrisbrotum Samherja var látin niður falla. Forstjóri Samherja sakar Má Guðmundsson seðlabankastjóra um að hafa rekið málið á illvilja. **– jhh**

Heimurinn er okkar allra

Börn í Laugarneskirkju gengu í meðmælagöngu í Laugarneshverfi í gærkvöldi. Þau vilja bjóða hælisleitendur og flóttafólk velkomið, þar með talda Telati-fjölskylduna, sem ekki fær hæli hér á landi. Í Laugarneskirkju voru stuttir tónleikar. Laura Telati, nú nemi í Laugalækjarskóla, kvaddi sér hljóðs. Hún hvatti til baráttu fyrir lífi án landamæra og valdamisræmis. „Heimurinn er okkar allra og það er pláss fyrir okkur öll, svo af hverju að aðgreina og fela sig frá öðrum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Säpo aðstoðar í sverðamálinu

SVÍÞJÓÐ Sænska öryggislögreglan, Säpo aðstoðar lögregluna í Trollhättan við rannsókn árásanna í grunnskóla í bænum. Þrír eru látnir og tveir alvarlega særðir eftir árásina.

Lögregla felldi árásarmanninn sem réðst grímuklæddur inn í skólann vopnaður sverði. Hann var 21 árs gamall og búsettur í bænum.

Hinir látnu voru 20 ára gamall skólaliði og 17 ára gamall nemandi. Nemendur á fimmtánda og sextánda aldursári liggja nú þungt haldnir á sjúkrahúsi í bænum.

Nemendur héldu að um hrekkjavökugrín væri að ræða áður en árásarmaðurinn lagði til atlögu. Skólinn hefur verið gagnrýndur fyrir öryggismál. **– kbg**

Sigrún friðar hafnargarðinn

MINJAVERND Sigrún Magnúsdóttir, settur forsætisráðherra, hefur fallist á tillögu Minjastofnunar frá 24. september um að friða í heild sinni hafnargarð sem þverar lóðina að Austurbakka 2 í Reykjavík. Þetta kemur fram í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Í tilkynningunni segir að Sigrún hafi friðlýst mannvirkið í samræmi við tillögu Minjastofnunar Íslands, en það njóti þegar friðunar á grundvelli laga um menningarminjar.

Forsætisráðuneytið mun á næstunni kalla saman hagsmunaaðila málsins til að kanna hvort ásættanleg lausn finnist í málinu, sem tryggir vernd þessara merku menningarminja en stuðlar jafnframt að því að byggingaráform á lóðinni nái fram að ganga í einhverri mynd. **– ngy**

Neita að taka blóðsýni vegna meintra byrlana

Fórnalömb lyfjabyrlana geta ekki krafist blóðrannsókna. Dyrnar eru lokaðar hjá bæði lögreglu og hjá Landspítalanum sem segir það of dýrt. Ráðgjafi hjá Stígamótum segir sífellt fleiri konur leita þangað vegna tilrauna til lyfjanauðgunar.

SAMFÉLAG „Ef við ætluðum að fara að taka og rannsaka blóðsýni í hverju tilfelli sem einhver telur að honum hafi verið byrlað nauðgunarlyf, einungis miðað við frásögn þolanda, yrði það allt of kostnaðarsamt,“ segir Eyrún Jónsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttöku á LSH. Spítalinn tekur ekki blóðsýni úr fólki sem grunar að sér hafi verið byrlað svokallað nauðgunarlyf.

„Það er dapurt en einstaklingurinn verður að lifa með því að geta ekki fengið blóðrannsókn bara vegna þess að hann grunar að sér hafi verið byrlað. Það þurfa að vera forsendur fyrir slíkum blóðmælingum á kostnað löggæslunnar.“

Neyðarmóttakan tekur hins vegar blóð til rannsóknar úr einstaklingi, sem telur að sér hafi verið byrlað nauðgunarlyf hafi málið verið kært til lögreglu. „Það er mat lögreglu hverju sinni og þá er farið í þessa rannsókn.“

Eyrún segir að þó einstaklingur hafi aldrei upplifað ástand sem hann er í merki það ekki endilega að um byrlun sé að ræða. Fólk geti verið í annarlegu ástandi vegna drykkju.

Að sögn Önnu Bentínu Hermansen, ráðgjafa hjá Stígamótum, hefur það færst í aukana að konur leiti þangað vegna tilraunar til lyfjanauðgunar.

Í vikunni leituðu tvær konur til Stígamóta því þær töldu að þeim hefði verið byrlað nauðgunarlyf. Þær greindu frá því að þegar leitað hafi verið eftir blóðrannsókn hafi þau svör fengist frá lögreglu og spítalanum að ekkert væri hægt að gera. „Kærasti annarrar leitaði eftir því að sjúkrabíll kæmi á staðinn en var sagtað hann ætti bara að reyna að fá hana til að æla. Það er alvarlegt. Hvað ef hún hefði fengið heilablóðfall?“ spyr Anna og bætir við að í hinu tilfellinu hafi konan sjálf haft samband við spítalann sem tjáði henni að fyrst nauðgun hefði ekki átt sér stað gæti spítalinn ekkert gert.

Tilraunum til lyfjanauðgunar á skemmtistöðum mun hafa fjölgað . NORDICPHOTOS/GETTY

Byrlun nauðgunarlyfs hefur aldrei verið staðfest á Íslandi. „Það er vænt-anlega af því að málið er ekkert rannsakað, af hálfu lögreglu né spítala. Það er erfitt að sanna að byrlun hafi átt sér stað því lyfin eru fljót að fara úr líkamanum. Það verður að gera eitthvað í málunum. Þetta er klár tilraun til nauðgunar þó gerandanum takist ekki ætlunarverk sitt.“

> **Þetta er klár tilraun til nauðgunar**
>
> Anna Hermansen, ráðgjafi Stígamóta

Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segist ekki geta tekið afstöðu til svara sjúkrahússins um að blóðrannsóknir séu of kostnaðarsamar og því ekki framkvæmdar í umræddum tilfellum.

„Ef einstaklingur hefur rökstuddar grunsemdir um að öðrum hafi verið byrluð ólyfjan þá myndum við mæla með því að einstaklingurinn óskaði eftir því að blóðsýni yrði tekið á spítalanum,“ segir Árni Þór og bætir við að fátítt sé að svona mál komi til kasta lögreglunnar án þess að grunur sé um önnur brot samhliða.

„Við erum þó sífellt að taka verklag okkar til endurskoðunar í samræmi við fjölda tilvika og það munum við gera núna.“ **nadine@frettabladid.is**

GILDIR 23.10.15 - 26.10.15

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM

ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

Óheimilt að segja upp lækni nema eftir áminningu

KJARAMÁL Læknafélag Íslands hefur sett saman andmælabréf og sent forstjóra Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna bréfs sem Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir á heilsugæslustöðinni í Árbæ, fékk.

Í bréfinu var sagt frá áformum Heilsugæslunnar um að grípa til viðeigandi úrræða vegna samstöðu sem Gunnar Ingi sýndi móttökuriturum í verkfalli með því að hvetja samstarfsmenn til að sinna eingöngu bráðatilfellum. „Mér fannst ég vera að sinna skyldum mínum. Ágreiningur var milli stéttarfélagsins og Heilsugæslunnar um útfærslu á starfi ritararanna í verkfalli og ég tók þá afstöðu sem mér fannst réttust," segir Gunnar Ingi.

Í bréfi Læknafélags Íslands kemur fram að félagið telji ekki tilefnið réttlæta áminningu, hvað þá segja upp ráðningarsamningi eða rifta honum fyrirvaralaust. „Gunnar Ingi hefur aldrei fengið aðvörun eða áminningu fyrir störf sín. Þvert á móti fékk hann sérstakar þakkir fyrir nokkrum árum fyrir vel unnin störf í þágu stofnunarinnar," segir meðal annars í bréfinu. Einnig að óheimilt sé að segja starfsmanni upp án áminningar nema fækka eigi starfsmönnum stofnunar.

> **Ágreiningur var milli stéttarfélagsins og Heilsugæslunnar um útfærslu á starfi ritararanna í verkfalli og ég tók þá afstöðu sem mér fannst réttust.**
>
> Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir á heilsugæslustöð Árbæjar

Gunnar Ingi segist afar þakklátur. „Þetta mál varðar ekki bara mig heldur líka stöðu samstarfsmanna okkar og allra lækna í raun – að maður geti átt von á að fá svona sendingar." **– ebg**

Læknaskortur regla ekki undantekning

Mönnun í stöður lækna utan höfuðborgarsvæðisins er viðvarandi vandamál. Formaður Læknafélagsins kemur ekki auga á lausn – en álaginu sem fylgir stöðugri bindingu verði að svara í launaumslaginu. Stöður lækna eru auglýstar árum saman án þess að um þær sé sótt.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Mönnun í stöður lækna á landsbyggðinni er stórt vandamál og svo hefur verið um langt árabil. Kjarasamningar lækna hafa þegar létt undir við að manna sérfræðistöður með læknum sem hafa verið búsettir erlendis en því fer fjarri að öll kurl séu komin grafar til að leysa úr þeim vanda sem birtist í kjaradeilum lækna á undanförnum árum.

Efnismikið svar barst Steingrími J. Sigfússyni, þingmanni Vinstri grænna, frá Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra á þriðjudag við fyrirspurn um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar. Stór þáttur í fyrirspurn Steingríms lýtur að stöðu og horfum í mönnunarmálum hjá heilbrigðisstofnunum í einstökum landshlutum.

Þessu var svarað út frá upplýsingum sem heilbrigðisráðuneytið aflaði sér í september síðastliðnum frá heilbrigðisstofnunum í öllum heilbrigðisumdæmunum sjö – en það eru niðurstöðurnar utan höfuðborgarsvæðisins sem vekja sérstaka athygli. Alls staðar er viðvarandi vandamál að manna stöður lækna á sama tíma og léttara reynist að manna stöður annars heilbrigðisstarfsfólks.

Virðist undirliggjandi að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni keppa ekki við þéttbýlið – sá slagur er tapaður og allar tilraunir til að snúa þessari þróun við hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Vandinn er því tilfinnanlegri eftir því sem lengra dregur frá suðvesturhorninu. Bráðabirgðamönnun með verktöku og öðrum afleysingum er sú leið sem oftast er farin – og er væntanlega kostnaðarsamari en hitt.

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, segir um þessar niðurstöður að fátt, ef nokkuð, komi þar á óvart – og staðfestir að stöður lækna við einstakar heilbrigðisstofnanir úti á landi hafa verið auglýstar árum saman án þess að um þær hafi verið sótt.

Lausnin eins og áður sagði er verktaka – og styttri viðvera lækna á hverjum stað. Hins vegar leysir það aðeins vandamálið að hluta. „Það hlýtur að vera ákjósanlegast fyrir íbúana á þessum stöðum að hafa fastan lækni; einhvern sem þú þekkir og við hverja heimsókn sért þú ekki alltaf að byrja upp á nýtt," segir Þorbjörn.

En er þetta vandamál sem verður einhvern tímann leyst? „Málið er, þó að það hafi ekki verið kannað vísindalega svo mér sé kunnugt, að yngri læknar hafa annað viðhorf til samspils vinnu- og frítíma. Margir læknar í gamla daga voru tilbúnir til að vera á mjög þéttum vöktum – þá voru til stöðvar þar sem einn læknir var alltaf á vakt. Eða tveir sem skiptu verkum á milli sín. Ég held að kröfur nútímans séu að yngri læknar vilji hafa betri aðgreiningu á sínum tíma," segir Þorbjörn. „Þessi stöðuga binding er mikið álag, og stofnanir, í skjóli þess að fjárveitingavaldið veiti það svigrúm, verða að vera tilbúnar til að koma til móts við það."

Hvað varðar höfuðborgarsvæðið þá liggur fyrir að betur gengur að ráða íslenska lækna erlendis frá; þá einkum svæfingarlækna og fæðingar- og kvensjúkdómalækna samkvæmt upplýsingum Landspítalans. Vandi við að manna stöður krabbameinslækna teygir sig mörg ár aftur í tímann – enda hafa margir hætt störfum vegna aldurs eða flutt úr landi.

Spurður um launaleiðréttinguna segir Þorbjörn það þurfa að koma í ljós hverjar efndirnar verða. Urgur sé t.d. í læknum vegna breytinga á Landspítalanum með vaktatilhögun.

„Ég held að þetta sé brothætt ástand og kjarasamningurinn er lykilatriði," segir Þorbjörn en tekur fram að staðan í húsnæðis- og tækjamálum hjálpi ekki til. Tvö næstu ár fari í hönnun spítalans og hann ekki risinn fyrr en eftir sjö til átta ár. Sá tími jafngildi stórum hluta af starfsævi læknis sem kemur heim eftir sérnám um fertugt – og sami maður kunni jafnvel ekki á þau tæki sem fyrir eru af því að hann lærði að nota önnur mun nýrri.

Mönnun í stöður lækna á landsbyggðinni

Í 4 af 9 stöðum lækna við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) eru fastráðnir læknar. Auk þess er tveimur sinnt í verktöku og með sérnámslækni. 3 stöður eru ósetnar.

Á Vesturlandi eru 18 stöðugildi heilsugæslulækna og 4 þeirra ósetin. Nú eru starfandi 10 fastráðnir heilsugæslulæknar og þar við bætast tveir verktakar sem saman sinna fjórum stöðum heilsugæslulækna samkvæmt samningi til allt að tveggja ára.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri eru einu ósetnu stöðugildin tvö og hálft stöðugildi lækna. Langvarandi mönnunarvandi hefur verið hjá sérfræðilæknum. Við Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur ekki tekist að fastráða í 10 af 47 læknastöðum. Leyst að mestu með verktöku og öðrum afleysingum.



Ekki fastráðið í fjögur stöðugildi lækna af 16 á Heilbrigðisstofnun Austurlands. Læknaskortur er viðvarandi.

Fjögur stöðugildi lækna af 20 eru ómönnuð á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Mikil samkeppni er um lækna, bæði í heilsugæslu og á legudeild. Sérstaklega er erfitt að ráða sérfræðinga (lyflækna) til starfa á legudeildina.

7 stöðugildi lækna af 26 ómönnuð á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

> **Það hlýtur að vera ákjósanlegast fyrir íbúana á þessum stöðum að hafa fastan lækni; einhvern sem þú þekkir og við hverja heimsókn sért þú ekki alltaf að byrja upp á nýtt.**
>
> Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélagsins

VETRARDAGAR

weather report™
Kuldagalli
Verð nú: **7.257**
verð áður: 8.999

TAX FREE DAGAR

DAGANA 23.- 25. OKTÓBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF **KULDAFATNAÐI, ULLARFATNAÐI, VETTLINGUM, KULDASKÓM OG HÚFUM**
Gildir ekki af outletvörum

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Audi A4
Avant 2. 0 TDI
2011 **3.650.000** KR
58 A

Audi Q7
3000cc TDI 240 hö
2010 **7.590.000** KR
110 A 4x4

VW Touareg
V6 TDI
2007 **3.990.000** KR
169 A 4x4

MM ASX
4x4 1.8 Intense
2012 **2.490.000** KR
124 4x4

Skoda Octavia
Ambiente 1.6 TDI
2014 **3.490.000** KR
39

VW Passat
2.0 Comfortline
2006 **1.390.000** KR
143 A

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Haustlægða-staðalbúnir

Morgunhressir

Ford Mondeo
Trend
2007 **1.440.000** KR
93 A

Lexus
IS250
2008 **3.490.000** KR
36 A

Toyota Rav4
2012 **4.190.000** KR
48 A 4x4

Nissan X-Trail
SE
2007 **2.340.000** KR
164 A 4x4

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040

Das Auto. Audi ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

Örvænting á landamærum

Sýrlensk móðir og barnungar dætur hennar tvær freista þess að komast í öruggt skjól. Austurrískir hermenn hindra för flóttamanna yfir landamæri Slóveníu og Austurríkis í gær. Lögregla setti upp öryggisgirðingar en tvö þúsund flóttamenn bíða þess að komast inn í landið. MYND/EPA

Fylgi flokksins aldrei minna fyrir landsfund

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefst í dag. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir hneykslismál ráðherra geta haft áhrif á fylgi flokksins. Tilhneiging sé til að fylgi stjórnmálaflokka aukist skömmu eftir landsfund.

STJÓRNMÁL Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur líklega aldrei verið lægra fyrir landsfund en einmitt í dag. Ný könnun MMR sýnir flokkinn með 21,7 prósenta fylgi sem er með því allra lægsta sem flokkurinn hefur mælst með í sögu hans.

„Það virðast vera tvenns konar tilhneigingar," segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Önnur er sú að þegar flokkurinn er í stjórnarandstöðu þá gengur honum betur en í stjórn. Það virðist vera eftir hrun töluverð fylgisleg áhætta samfara því að vera í ríkisstjórn.

En jafnvel þótt þú takir tillit til þess þá er þetta slæm niðurstaða ef þú berð saman við árið 2009 þegar hann var að koma úr gríðarlega vondum málum," segir Gunnar. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar féll þann 26. janúar 2009. Á landsfundi flokksins níu vikum síðar var flokkurinn með nærri 30 prósenta fylgi.

Gunnar segir að Sjálfstæðisflokknum hafi ekki tekist að halda jafn vel um borgaraleg öfl og áður. Hann hafi sterkari tengingu við landsbyggð en höfuðborg og evrópusinnaðir kjósendur séu að miklu leyti hættir að styðja flokkinn.

„Ég held að akkúrat þessi tala nú endurspegli að einhverju leyti Hönnu Birnu og Illuga. Ég hef engar kannanir sem sanna það en reynslan af áhrifum slíkra mála sem ég þekki til alþjóðlega er að þau hafa einhver áhrif. Hversu mikil veit maður ekki," segir Gunnar.

Hann á við lekamálið svokallaða en Hanna Birna Kristjánsdóttir þingmaður þurfti að segja af sér embætti innanríkisráðherra þegar aðstoðarmaður hennar lak persónuupplýsingum um hælisleitanda til Fréttablaðsins og Morgunblaðsins. Þá hefur Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra verið legið á hálsi fyrir að eiga í óeðlilegu viðskiptasambandi við Orku Energy og greiða götu fyrirtækisins í Kína.

En telur Gunnar landsfundurinn geti gefið Sjálfstæðisflokknum byr í seglin að nýju? „Meginreglan er sú að fyrst eftir landsfund þá gengur flokkum aðeins betur en það er fljótt að fara aftur."

Fréttablaðið hafði samband við nokkra þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Þeir bjuggust ekki við miklum átökum um málefnin og höfðu ekki áhyggjur af að umræður um Evrópusambandið drægjust á langinn. Nýmæla væri að vænta í málefnum hælisleitenda til að bregðast við flóttamannafjöldanum í Evrópu og Sýrlandi.

snaeros@frettabladid.is

Fylgi Sjálfstæðisflokks skömmu fyrir landsfund



*skv skoðanakönnun MMR

islenska/sia.is FLU 76798 10/15

500 SÆTI

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ Í DAG!

FLUGFELAG.IS

Nóvembertilboð!

5.990 kr.

TIL EÐA FRÁ REYKJAVÍK, AKUREYRI, ÍSAFIRÐI OG EGILSSTÖÐUM

SMELLTU ÞÉR Á FLUGFELAG.IS

EINUNGIS BÓKANLEGT Í DAG FRÁ KL. 10:00 TIL MIÐNÆTTIS
500 SÆTI Í BOÐI FYRIR FERÐATÍMABIL ÚT NÓVEMBER 2015

- Gildir aðra leið með sköttum
- Skilmálar netfargjalda gilda
- Takmarkað sætaframboð
- Gildir á valdar dagsetningar
- Gildir til og frá Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum
- Gildir ekki í tengiflug

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Vaðlaheiðarlán þvert á ríkisábyrgðalög

Vaðlaheiðargöng hf. hefðu ekki fengið lán til gangagerðar ef lögum um ríkisábyrgð hefði verið fylgt. Áhætta ríkissjóðs við lánveitinguna var ekki lágmörkuð. Litlar líkur á að lánið verði endurgreitt á réttum tíma. Búist við að kostnaður við framkvæmdir aukist.

STJÓRNSÝSLA „Ég held að skýrslan gefi tilefni til þess að fara yfir þessi mál aftur og fara yfir ábendingar Ríkisendurskoðunar," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, um nýja skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisábyrgðir og endurlán ríkissjóðs. „Þegar menn fara þessa leið þá eru þeir í rauninni bara með grískt bókhald."

Með lögum sem samþykkt voru í júní 2012 var fjármálaráðherra gefin heimild til að fjármagna gerð jarðganga undir Vaðlaheiði. Bæði með 8,7 milljarða króna láni úr ríkissjóði fyrir framkvæmdunum og ríkisábyrgð á láninu. Samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir hefði ríkisábyrgðasjóður átt að meta tryggingarnar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að ríkisábyrgðasjóði var ekki falið þetta verkefni.

Ríkisábyrgðasjóður veitti engu að síður umsögn um lánið þegar lagafrumvarpið var til meðferðar í þinginu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að fulltrúar ríkisábyrgðasjóðs telji að tryggingarnar hafi verið ófullnægjandi. Það endurspeglast í fyrrgreindri umsögn sjóðsins um lagafrumvarpið. Ríkisendurskoðun segir að ætla megi að ef fulltrúum ríkisábyrgðasjóðs hefði verið falið að meta tryggingarnar, líkt og lög um ríkisábyrgðir gera ráð fyrir, hefði ekki orðið af láninu.

Þá segir Ríkisendurskoðun að með láninu hafi verið vikið frá þeim skilyrðum fyrir veitingu ríkisábyrgða og endurlána að ábyrgðarþegi, í þessu tilfelli Vaðlaheiðargöng hf., leggi fram að minnsta kosti 20 prósent af heildarfjárþörf verkefnisins og að ábyrgð ríkissjóðs nemi ekki hærra hlutfalli en 75 prósentum.

„Með því að víkja skilyrðunum frá var sú grunnregla laga um ríkisábyrgðir, sem á að fyrirbyggja að ríkissjóður taki of mikla áhættu við ábyrgðarveitingar, gerð óvirk. Slíkt er í andstöðu við það meginmarkmið ríkisábyrgðalaga að lágmarka skuli áhættu ríkissjóðs við veitingu ríkisábyrgða eða endurlána," segir í skýrslunni.

Þá segir að litlar líkur séu á, miðað við núverandi aðstæður, að lánið verði endurgreitt að fullu 5. janúar 2018, eins og gert var ráð fyrir í lánasamningi.

Ríkisendurskoðun býst við að kostnaður við verkið fari fram úr áætlun, en engar áætlanir hafi verið gerðar til að bregðast við því. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. varaformaður fjárlaganefndar, segir beðið eftir gögnum um stöðuna. „Meirihluti fjárlaganefndar fór í þetta mál. Við fengum svör við fyrirspurn frá Vaðlaheiðargöngum og okkur var tilkynnt að við fengjum nánari úttekt í haust," segir Guðlaugur.

jonhakon@frettabladid.is

Ríkisendurskoðun telur litlar líkur á því að lán vegna Vaðlaheiðarganga verði greitt á þeim tíma sem kveðið var á um í lánasamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Meirihluti fjárlaganefndar fór í þetta mál.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. varaformaður fjárlaganefndar

Svara ekki símanum

Samkomulag milli ríkisins og Vaðlaheiðarganga hf. um framkvæmd fjármögnunar Vaðlaheiðarganga var undirritað þann 17. ágúst 2011, en þá var Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Það var svo Oddný G. Harðardóttir, þáverandi fjármálaráðherra, sem lagði fram frumvarp um heimild til að fjármagna gerð jarðganga undir Vaðlaheiði. Hún tók við ráðuneytinu um áramótin 2011/2012, en frumvarpinu var dreift á Alþingi í lok mars 2012. Hvorki náðist í Steingrím né Oddnýju við vinnslu fréttarinnar.

Oddný G. Harðardóttir

Fórnarlömb eineltis þriðjungur

HEILBRIGÐISMÁL „Hér á landi er skortur á geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga," segir Ellen Sif Sævarsdóttir, klínískur barna- og unglingasálfræðingur sem gerði lokaverkefni sitt í sálfræði við Háskóla Íslands í samstarfi við Dr. Bertrand Lauth barnageðlækni um börn sem hafa fengið þjónustu hjá bráðateymi BUGL.

Rannsókn Ellenar tók til 318 barna á aldrinum 7-18 ára sem leituðu í bráðaþjónustu BUGL 2013.

Ellen segir tilvísunum á BUGL hafa farið fjölgandi síðustu ár. Í rannsókn hennar kemur fram að flestir sjúklinga eru á unglingsaldri og meðalaldurinn 15 ár. Þar af eru stúlkur 67 prósent.

Flestum sjúklinga er vísað af forsjáraðila, þá bráðamóttöku barna og heilsugæslu. Yfirgnæfandi hluti barnanna sýndi þunglyndiseinkenni, eða 71,1 prósent og 62,3 prósent voru í sjálfsvígshugleiðingum. Nær helmingur var með kvíðaeinkenni og þriðjungur hafði gert tilraun til sjálfsvígs.

Ellen segir að mjög margir hafi haft sögu um langvarandi eða alvarlegt einelti. Einn þriðji barnanna sé skráður með sögu um einelti. BUGL eigi ekki að vera fyrsti viðkomustaður barna inn í geðheilbrigðiskerfið.

„Síðasti viðkomustaðurinn ætti að vera bráðaþjónusta BUGL." – **kbg**

Komu í veg fyrir umræðu um verðtryggingu

ALÞINGI Stjórnarandstaðan lagði fram breytingartillögu á dagskrá þingsins við upphaf þingfundar í gær til þess að knýja á um sérstaka umræðu um afnám verðtryggingar. Hart var tekist á um breytingartillöguna og sökuðu fulltrúar meirihlutans á þingi stjórnarandstöðuna um fordæmalausa tillögu og misnotkun á dagskrárliðum þingsins.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur beðið eftir sérstakri umræðu við forsætisráðherra um verðtryggingu frá því í febrúar síðastliðnum. Í síðustu kosningabaráttu töluðu forsvarsmenn Framsóknarflokksins á þá leið að afnám verðtryggingar væri forsenda stjórnarsamstarfs. Forsætisráðherra hefur nú neitað að ræða við þingið um stefnumál flokksins og bendir á að málefni verðtryggingar séu á könnu fjármálaráðherra.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, taldi dagskrárbreytingartillöguna fordæmalausan leikaraskap til að tefja fyrir umræðu á þingi.

„Það eru ótal aðrar aðferðir til að taka þau mál, eftir atvikum verðtryggingu eða hvað annað, á dagskrá í þinginu. Fyrirspurnir, munnlegar, skriflegar, óundirbúnar, fjöldamargar aðrar leiðir, flutningur þingmála og þess háttar," sagði Birgir.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, húðskammaði stjórnarandstöðuna fyrir misnotkun á dagskrá þingsins. „ Hvernig er hægt að eiga samstarf við svona fólk sem gengur sífellt á bak orða sinna? Dagskrá vikunnar lá fyrir með samþykki þessara aðila en auðvitað heldur þetta fólk ekki út nokkurt einasta samkomulag. Þetta er lýsandi dæmi þess," sagði Vigdís og vandaði minnihlutanum ekki kveðjurnar.

„Það var ekki Bjarni Benediktsson sem lofaði afnámi verðtryggingar, það var Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og þess vegna á hann að svara fyrir það hér í þinginu," sagði Helgi Hjörvar, einn flutningsmanna. Svandís Svavarsdóttir tók í sama streng. „Það er eftirtektarverður vesaldómur að beina spjótum sínum að samstarfsflokknum." Árni Páll Árnason taldi forsætisráðherra ekki hafa mikinn áhuga á að ræða við þingheim. „Það eina sem hann virðist treysta sér til að tala um við þingið sem heyrir undir forsætisráðuneytið er þjóðfáninn, skjaldarmerkið og þjóðsöngurinn," sagði Árni Páll.

Svo fór að Þingmenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks felldu tillöguna um að sérstök umræða færi fram við forsætisráðherra um afnám verðtryggingar. **sveinn@frettabladid.is**

> **Það eina sem hann virðist treysta sér til að tala um við þingið sem heyrir undir forsætisráðuneytið er þjóðfáninn, skjaldarmerkið og þjóðsöngurinn,**
>
> Árni Páll Árnason

„Ég hef fulla samúð með þingmönnum Framsóknarflokksins sem þurfa að horfa upp á sinn leiðtoga kikna í hnjánum," sagði Össur Skarphéðinsson. Guðlaugur Þór Þórðarson bað Össur vinsamlegast að hætta málþófi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það eru ótal aðrar aðferðir til að taka þau mál, eftir atvikum verðtryggingu eða hvað annað, á dagskrá.**
>
> Birgir Ármannsson

> **Auðvitað heldur þetta fólk ekki út nokkurt einasta samkomulag. Þetta er lýsandi dæmi þess.**
>
> Vigdís Hauksdóttir

Tómatvörurnar okkar eru unnar úr lífrænum, dísætum tómötum sem fá að þroskast til fulls á plöntunni. Þær innihalda engan viðbættan sykur.

Solla

Láttu hjartað ráða

10 Tíu krónur af hverri seldri Himneskt vöru í október renna til Alzheimerfélagsins

FAAS

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

Góð ávöxtun Úrvalsbréfa

Landsbréf – Úrvalsbréf hafa skilað góðri ávöxtun síðastliðin ár. Sjóðurinn er hlutabréfasjóður. Að baki Úrvalsbréfum er teymi fólks með mikla reynslu, víðtæk tengsl við markaðinn og þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

Meðaltal nafnávöxtunar Úrvalsbréfa á ársgrundvelli miðað við 30.09. 2015



Veittur er 50% afsláttur af gjaldi við kaup út október.

Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Landsbankanum sem er vörsluaðili sjóðsins.

Fjárfesting í hlutabréfasjóðum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða er þó að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, þar sem hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins. Nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér vel þá áhættu sem fólgin er í því að fjárfesta í hlutabréfasjóðum með því að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu.

Landsbankinn er söluaðili sjóða Landsbréfa. Komdu við í næsta útibúi eða hafðu samband við Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040.

Landsbréf – Úrvalsbréf eru fjárfestingarsjóður, starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði vegna rýmri fjárfestingaheimilda. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. ógreiddri umsýslu, þóknunum og öðrum gjöldum. Nánari upplýsingar um sjóðinn, skattlagningu hlutdeildarskírteina og áhættuþætti við fjárfestingu í sjóðnum má sjá í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsvæði Landsbréfa, landsbref.is.

LANDSBRÉF

Átaksverkefni í miðborginni hófst í sumar. Lögreglan er sýnilegri og ofbeldisbrotum hefur fækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/TUMI

Metár í ofbeldi

Það stefnir í mestan fjölda ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu í níu ár. Langmesta aukningin er í heimilisofbeldisbrotum sem eru orðin 472 á árinu.

SAKAMÁL Ofbeldisbrotum hefur fjölgað það sem af er ári 2015 miðað við fyrri ár og stefnir í metár í tilkynningum frá árinu 2007 á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgun brota er rakin til aukningar í tilkynningum um heimilisofbeldi. Nýtt verklag tók gildi í byrjun árs 2015 um viðbrögð við heimilisofbeldismálum. Greining á verkefninu innan lögreglunnar hefur leitt í ljós að heimilisofbeldismálum fjölgaði ekki í sjálfu sér heldur hafi fleiri treyst sér til að tilkynna lögreglu um ofbeldið, sem í sumum tilvikum hafði staðið yfir í lengri tíma.

472 heimilisofbeldismál

Það sem af er ári hafa verið skráð 58% fleiri heimilisofbeldismál en bárust allt árið 2014, eða 472 mál. Þótt þessi mikla fjölgun í tilkynningum sé á þessu ári má sjá fjölgun heimilisofbeldisbrota í hruninu eða frá árinu 2010.

Það sem af er ári greinir lögregla lítillega aukningu í alvarlegum ofbeldisbrotum en nú þegar eru komnar 118 tilkynningar. Árið 2014 voru tilkynningarnar 151, sem er mesti fjöldi sem lögregla hefur séð á þessu tímabili.

Aldrei hafa borist eins margar tilkynningar um kynferðisbrot til lögreglunnar eins og á árinu 2013 þegar tilkynnt var um 408 brot. Í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um kynferðisbrot fjölgaði tilkynningum. Það sem af er ári 2015 hafa 183 tilkynningar borist.

Þessi níu ár sem tölfræðin nær yfir (2007-2015) hafa að meðaltali um 40% ofbeldisbrota átt sér stað í miðborginni, en það sem af er ári hafa um 30% brota átt sér stað í miðborginni. Síðastliðið sumar hrinti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu af stað verkefni sem sneri að auknum sýnileika lögreglunnar í miðborginni, meðal annars með því að auka viðveru lögreglu aðfaranótt laugardags og sunnudags. Markmiðið var meðal annars að reyna að auka öryggi almennings og lögreglumanna við störf í miðborginni. Í mati á verkefninu kemur fram að vegna átaksins séu lögreglumenn fljótari til að sinna útköllum í miðborginni. Meðal annars með því að koma inn í slagsmál áður en upp úr sýður og einnig að komast fyrr á vettvang og ná tali af öllum málsaðilum.

> **Rannsóknir erlendis hafa sýnt fram á að lengri opnunartími skemmtistaða fjölgar ofbeldisbrotum og styttri opnunartími og minna aðgengi að áfengi fækkar ofbeldisbrotum.**
>
> (Rossow og Norström, 2012)

Ofbeldi og opnunartími

Þau svæði þar sem flest ofbeldisbrot eiga sér stað eru helst í kringum þá skemmtistaði sem opnir eru hvað lengst og hafa leyfi fyrir flestum gestum. Eins á stöðum þar sem fólk safnast saman að næturlagi um helgar eftir að skemmtunum lýkur. Lögreglan nefnir sem dæmi Austurstræti, þar sem margir staðir hafa lengri opnunartíma en ofar á Laugaveginum og Lækjartorg í kringum veitingasölu og bið eftir leigubílum.

Rannsóknir erlendis hafa sýnt fram á að lengri opnunartími skemmtistaða fjölgar ofbeldisbrotum og að styttri opnunartími og minna aðgengi að áfengi fækkar ofbeldisbrotum. Rannsókn í 18 borgum í Noregi sýndi til að mynda fram á að fyrir hvern klukkutíma sem opnunartími var lengdur fjölgaði líkamsárásum um 4,8 miðað við 100.000 íbúa. (Rossow og Norström, 2012). Þessi þróun hefur líka orðið hér á landi.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Ofbeldisbrot á höfuðborgarsvæðinu 2007-2015

ár	OFBELDISBROT	ALVARLEGT OFBELDI	KYNFERÐISBROT	HEIMILISOFBELDI
2007	933	138	209	198
2008	780	108	199	191
2009	677	144	184	178
2010	789	140	206	227
2011	676	134	219	224
2012	720	141	261	225
2013	775	136	408	244
2014	869	151	223	299
2015*	909	118	183	472

*Tölur fyrir árið 2015 eru frá 1. janúar til 14. október

NISSAN

Innovation that excites

NISSAN PULSAR

EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI

VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM NÝJUM NISSAN PULSAR Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NISSAN PULSAR

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

3.590.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:
LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðuþurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Bjóðum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum. Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk og reglubundið þjónustueftirlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM70680 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Sænsk einkafyrirtæki græða á flóttabörnum sem eru ein síns liðs

SVÍÞJÓÐ Fyrstu tvær vikurnar í október komu yfir 800 börn sem eru á flótta ein síns liðs til Stokkhólms. Opnað verður athvarf í þessari viku til bráðabirgða fyrir flóttabörn í einu úthverfa borgarinnar.

Gríðarlegur skortur á dvalarstöðum fyrir börnin sem koma til Svíþjóðar hefur leitt til þess að einkafyrirtæki, sem eru milliliðir sveitarfélaga og fjölskyldna sem vilja hýsa börnin, hafa hækkað verð fyrir þjónustu sína umtalsvert.

Sænska blaðið Dagens Nyheter segir að dæmi séu um að sveitarfélag borgi slíku einkafyrirtæki 3.600 sænskar krónur fyrir barn á sólarhring eða 54 þúsund íslenskar krónur. Fjölskyldan sem hefur flóttabarnið á heimili sínu fær um fimmtung þeirrar upphæðar. Haft er eftir fulltrúa eins sveitarfélagsins að vegna þess hversu fljótt þurfi að leysa vandann hafi menn ekki haft tíma til að leita að ódýrari þjónustu. Að mati sveitarfélaga er um þriðjungur af upphæðinni sem einkafyrirtækin fá greidda eðlilegur kostnaður.

Talsmaður fyrirtækisins sem krefur sveitarfélag um 54 þúsund krónur á sólarhring fyrir milligöngu segir að kostnaður fyrir utan þær rúmlega 10 þúsund krónur á sólarhring sem fjölskylda fær fyrir að hafa barn á heimili sínu sé vegna skipulagningar, túlkaþjónustu og flutninga.

Sveitarfélög í Svíþjóð hafa frá því í fyrra greitt slíkum miðlunum um húsnæði yfir hálfan milljarð sænskra króna eða 7,5 milljarða íslenskra króna. Sveitarfélögin geta síðan sótt um greiðslur vegna kostnaðarins hjá sænsku útlendingastofnuninni.

Sænskir fjölmiðlar hafa áður greint frá því að einstaklingar hafi hringt í sveitarfélög og spurt hversu mörg flóttabörn þeir megi hafa á heimilum sínum.

Útlendingastofnunin í Svíþjóð áætlar að fjöldi flóttabarna sem koma ein síns liðs til landsins verði 30 þúsund í ár. Alls er gert ráð fyrir að 140 til 190 þúsund flóttamenn komi til Svíþjóðar í ár. **– ibs**

Flóttamenn komnir til Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

54

þúsund kr. á sólarhring fá einkafyrirtæki með hverju flóttabarni.

10

þúsund kr. á sólarhring fær fjölskylda fyrir að hafa flóttabarn á heimili sínu.

Skriður en engin lausn

KJARAMÁL Heldur meiri gangur var í samningaviðræðum SFR, Sjúkraliðafélagsins og lögreglumanna við ríkið hjá Ríkissáttasemjara í gær en dagana tvo þar á undan að sögn Árna Stefáns Jónssonar, formanns SFR.

„Við erum á fullu núna og meiri skriður kominn á viðræðurnar," sagði Árni í gær. Þó væri lengra til lands í deilunni en svo að von væri til þess að samningar næðust í gær þótt fundað yrði fram á kvöld.

Forsvarsmenn félaganna hafa gagnrýnt hægagang í viðræðunum, þótt eitthvað hafi þokast í „rétta" átt og segjast hafa ýtt á að lausn finnist sem fyrst „svo binda megi enda á þessa erfiðu deilu sem hefur nú þegar haft mikil áhrif á samfélagið allt" að því er segir í yfirlýsingu.

Verkfall SFR og SLFÍ hefur staðið í rúma viku. Fyrsta lota í allsherjarvinnustöðvun stóð fimmtudag og föstudag í síðustu viku og svo mánudag og þriðjudag í þessari og lögðu þá um fimm þúsund ríkisstarfsmenn niður störf. Áfram eru í ótímabundnu verkfalli félagsmenn SFR hjá Tollstjóra, Ríkisskattstjóra og sýslumannsembættunum og Landspítala, auk þess sem sjúkraliðar á dagvöktum á Landspítala, Heilsustofnun Austurlands og Heilsustofnun Suðurnesja eru í verkfalli á dagvöktum alla virka daga.

» Næsta lota allsherjarvinnustöðvunar hefst fimmtudaginn 29. október.

Næsta lota allsherjarvinnustöðvunar hefst 29. þessa mánaðar, fimmtudag og föstudag og svo aftur á mánudag og þriðjudag. **– óká**

Fimmtudagurinn 29. október kl. 15–17

20 ára afmælismálþing
íslensk-kínverska viðskiptaráðsins

REYNSLAN AF FRÍVERSLUNARSAMNINGI ÍSLANDS OG KÍNA FYRSTA ÁRIÐ

Íslensk-kínverska viðskiptaráðið fagnar 20 ára afmæli í mánuðinum. Af því tilefni efnir ráðið til málþings í samstarfi við sendiráð Alþýðulýðveldisins Kína og Félag atvinnurekenda um reynsluna af fríverslunarsamningi Íslands og Kína frá gildistöku 1. júlí 2014.

Málþingið verður haldið í húsnæði viðskiptadeildar sendiráðsins í Garðastræti 41 kl. 15–17 fimmtudaginn 29. október.

Að loknu málþinginu verður móttaka þar sem útnefndur verður fyrsti heiðursfélagi ÍKV.

Dagskrá:

15.00 Ársæll Harðarson, formaður Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins, býður gesti velkomna.

15.10 Liu Mingming, viðskiptafulltrúi kínverska sendiráðsins: *Facilitating business opportunities through the FTA*

15.25 Bergþór Magnússon, lögfræðingur á viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins: *Hvernig nýtast tækifærin í fríverslunarsamningi Íslands og Kína?*

15.40 Jóhann Freyr Aðalsteinsson, tollasérfræðingur hjá Tollstjóra: *Helstu áskoranir við framkvæmd fríverslunarsamningsins*

15.55 Birgir Bjarnason, formaður FA og framkvæmdastjóri Íslensku umboðssölunnar: *Áhrif fríverslunarsamningsins á útflutning til Kína*

16.10 Sigtryggur Rósmar Eyþórsson, framkvæmdastjóri Xco ehf: *40 ára reynsla af viðskiptum við Kína – hverju breytti fríverslunarsamningurinn?*

16.30 Spurningar og svör

17.00 Móttaka í boði kínverska sendiráðsins

Fundarstjóri: Jónína Bjartmarz, stjórnarmaður í ÍKV

Skráning á vef FA, www.atvinnurekendur.is, í síðasta lagi 27. október, takmarkaður sætafjöldi.

PIPAR\TBWA

Íslensk kínverska viðskiptaráðið
The Icelandic Chinese Trade Council

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Hillary Clinton sat fyrir svörum hjá bandarískri þingnefnd í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Clinton fyrir þingnefnd

Fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir að bandarískir sendiherrar þurfi stundum að taka áhættu, starfi þeir í hættulegum löndum. Hillary Clinton var í gær spurð út í árás á bandarískan sendiherrabústað í Líbíu árið 2012.

BANDARÍKIN Hillary Clinton sat fyrir svörum hjá bandarískri þingnefnd í gær, þar sem hún var spurð í þaula út í árásina á bandarískan sendiherrabústað í Bengasí í Líbíu haustið 2012.

Sendiherrann, sem hét J. Christopher Stevens, lét lífið í árásinni ásamt þremur öðrum Bandaríkjamönnum.

Repúblikanar hafa ítrekað gagnrýnt Clinton, sem nú sækist eftir að verða forsetaefni Demókrataflokksins, vegna þessarar árásar. Hún er sögð hafa sem þáverandi utanríkisráðherra staðið rangt að ýmsu, bæði í aðdraganda og eftirmálum árásarinnar.

Gagnrýnin hefur ekki síst beinst að því að öryggi sendiherrans hafi ekki verið tryggt betur, ekki síst þar sem sendiherrann sjálfur hafi óskað eftir því.

Sjálf svarar hún því til að eðlilegt sé að reikna með því að bandarískir sendifulltrúar og sendiráðsstarfsfólk taki stundum áhættu.

„Bandaríkin þurfa að hafa forystu í hættulegum heimi og sendifulltrúar okkar þurfa að halda áfram að koma fram fyrir okkar hönd á hættulegum stöðum," sagði hún, og bætti því við að þegar Bandaríkin halda sig fjarri þá hafi það afleiðingar.

Bandaríkin þurfa að hafa forystu í hættulegum heimi og sendifulltrúar okkar þurfa að halda áfram að koma fram fyrir okkar hönd á hættulegum stöðum.

Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna

Hún segir sendiherrann vissulega hafa óskað eftir ýmsum umbótum, þar á meðal að öryggismál yrðu lagfærð. Hann hafi hins vegar aldrei sagt við starfsfólk utanríkisráðuneytisins að ástandið væri svo slæmt að hann gæti ekki starfað þarna lengur. Auk þess hafi það ekki verið í sínum verkahring að tryggja öryggi sendiherrans, heldur séu sérfræðingar Bandaríkjanna í öryggismálum látnir sjá um þau mál.

„Þeir hafa haldið Bandaríkjamönnum öruggum í tveimur styrjöldum og mörgum virkilega skelfilegum aðstæðum," sagði hún við repúblikanann Lynn Westmoreland, sem á sæti í þingnefndinni og spurði út í þessu mál. „Ég hef treyst þeim fyrir lífi mínu, þú hefur treyst þeim fyrir þínu."

Hún sagði að hlutverk sendiherrans á þessum tíma hafa fyrst og fremst verið fólgið í því að kanna aðstæður í landinu og athuga hverju Bandaríkin gætu komið til leiðar þar.

Þetta var tæpu ári eftir að Moammar Gaddafí hafði verið steypt af stóli og hann síðan drepinn. Stuttu áður hafði verið kosið þing í landinu, en ástandið var að byrja að snúast upp í þá upplausn, sem enn ríkir þar.

Þá notaði Clinton tækifærið og kom inn á umræðuna um tölvupósta sína þegar hún var spurð hvers vegna ekkert kæmi fram í þeim um eftirköst atburðanna í Bengasí. „Minnst af vinnu minni fór fram í gegnum tölvupóst," sagði hún. Hún hafi verið á stöðugum fundum í utanríkisráðuneytinu og lítinn tíma haft til að senda nánasta samstarfsfólki sínu tölvupóst. **gudsteinn@frettabladid.is**

Vandað skrifstofuhúsnæði til leigu

Hjá Reitum færðu bæði stórt og lítið skrifstofuhúsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.

Höfðabakki í Reykjavík
416 eða 908 m²
Með útsýni.

Hátún í Reykjavík
650 m² hús
Tilbúið til afhendingar.

Dalshraun í Hafnarfirði
400 eða 650 m²
Innréttað að þínum þörfum.

Kynntu þér fleiri kosti á **reitir.is**

REITIR

Velkomin til starfa

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

HVIKUM HVERGI

Við styðjum tafarlausa uppbyggingu Landspítala við Hringbraut

VIÐ MEGUM ENGAN TÍMA MISSA

Núverandi húsnæði annar ekki aukinni þjónustuþörf vegna fjölgunar þjóðarinnar og hækkandi meðalaldurs. Lélegur aðbúnaður skerðir öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar. Áætlað er að val á nýrri staðsetningu seinki uppbyggingu Landspítala um 5 -10 ár.

UPPBYGGING ÞEKKINGARKLASA

Landspítali verður betri spítali vegna tengsla við háskóla og nýsköpunarfyrirtæki. Staðsetning við Hringbraut eykur þessi tengsl og styður við uppbyggingu þekkingarsamfélags í Vatnsmýrinni, með náinni samvinnu háskóla, vísinda- og nýsköpunarfyrirtækja og Landspítala. Kennsla og þjálfun allra nemenda heilbrigðisvísindagreina fer fram í nánu samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands.

BORGARSKIPULAG OG UMFERÐ

Borgaryfirvöld telja staðsetningu við Hringbraut falla vel að framtíðar skipulagi Reykjavíkur. Að Hringbrautarlóðinni liggja stórar samgönguæðar og er ekki talin þörf á meiriháttar umferðarmannvirkjum við sameiningu starfsemi Landspítala við Hringbraut.

KOSTNAÐUR

Samkvæmt nýlegri úttekt KPMG reiknast núvirtur byggingarkostnaður 21 milljarði kr. hærri á nýjum stað. Áætlað er að 5-10 ára töf á verkefninu kosti samfélagið um 15-30 milljarða kr. til viðbótar.

VIÐ UNDIRRITUÐ STYÐJUM ÁKVARÐANIR ALÞINGIS OG ALLRA SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, SBR. SVÆÐASKIPULAG, UM UPPBYGGINGU ÞJÓÐARSJÚKRAHÚSSINS VIÐ HRINGBRAUT

Aðalbjörn Þorsteinsson, yfirl. svæfingadeild, LSH
Aðalsteinn Pálsson, verkfr. og deildarstj., LSH
Aldís Magnúsdóttir, s. starfsmannastjóri, LSH
Alma Möller, læknir og frkvstj. aðgerðasviðs LSH
Anna Dagný Smith, hjúkr.fr. og mannauðsráðgj., LSH
Anna Guðmundsdóttir, fulltrúi, læknadeild HÍ
Anna Kristín Sævarsdóttir, móttökuritari, LSH
Anna María Þórðardóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Anna Rós Jóhannesdóttir, yfirfélagsráðgj., LSH
Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarm. forstj. LSH
Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarfr.
Ari Kristinn Jónsson, rektor HR
Arna Guðmundsdóttir, sérfrl. á líknardeild, LSH
Arna Hauksdóttir, dósent læknadeild, HÍ
Arnar Geirsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, LSH
Arnar Guðjónsson, sérfræðil. háls-nef og eyrnalækn., LSH
Aron Björnsson, yfirl. heila- og taugaskurðlækninga, LSH
Auðna Ágústsdóttir, hjúkrunarfr. og verkefnastj., LSH
Álfheiður Ingadóttir, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Ásdís Elfarsdóttir Jelle, hjúkrunarfr., LSH
Ásdís Ingþórsdóttir, arkitekt, LSH
Ásgeir Haraldsson, prófessor HÍ og yfirl. í barnal., LSH
Áslaug S. Svavarsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Ásta Möller, fyrrv. alþingismaður
Ásta Thoroddsen, prófessor, hjúkrunarfræðideild HÍ
Ástríður Pálsdóttir, erfðafr., Tilraunastöð HÍ í meinafræði
Baldvin Hafsteinsson, lögfræð., LSH
Bára Benediktsdóttir, hjúkrunarfr. og mannauðsráðgj., LSH
Bára Hildur Jóhannsdóttir, hjúkrunarfr. og ljós., LSH
Benedikt Olgeirsson, verkfr. og aðstoðarfstj. LSH
Berglind Guðmundsdóttir, yfirsálfræð., LSH
Bergljót Þórðardóttir, viðskiptafræð., LSH
Bergur Þorri Benjamínsson, varaf. Sjálfsbjargar
Bergþór H. Jónasson, viðskiptafræð., verkefnastj. LSH
Birgir Jakobsson, landlæknir
Birna Björg Másdóttir, verkefnastj., LSH
Bjarki Þór Baldvinsson, viðskiptafræð., LSH
Bjarnheiður Guðmundsdóttir, kennslustj í læknad. HÍ
Bjarni E. Pjetursson, prófessor og forseti Tannlæknad. HÍ
Bjarni Smári Jónasson, forstj. sjúkrah. á Akureyri
Bjarni Torfason, dósent HÍ og yfirl. hjartaskurðl., LSH
Bjarnveig Pálsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Björg Guðmundsdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Björg Sigurðardóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Björn Bjarnason, viðskiptafræð., LSH
Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor HÍ og yfirl. LSH
Björn Zoega, læknir og fyrrv. forstjóri LSH
Bryndís Guðjónsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari
Bryndís Stefanía Halldórsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Brynja Björk Gunnarsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Brynja Ingadóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Brynjar Karlsson, prófessor, Tækni og verkfræðideild, HR
Bylgja Björk Pálsdóttir, vinnusálfræð., LSH
Bylgja Kærnested, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Dagný Halla Tómasdóttir, skrifstofum., LSH
Dagur B. Eggertsson, læknir, borgarstjóri
Daníel F. Guðbjartsson, tölfræðingur, Íslensk Erfðagreining
Davíd O Arnar, settur yfirl. hjartalækninga, LSH
Davíð Á. Gunnarsson, fyrrv. forstjóri LSH
Davíð Jónsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir, LSH
Díana Liz Franksdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Díana Óskarsdóttir, geislafræð. og deildarstj., LSH
Dóra Halldórsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Dröfn Ágústsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Egill T. Jóhannsson, rekstrarstjóri fasteigna, LSH
Einar Stefán Björnsson, prófessor HÍ og yfirl., LSH
Eiríkur Hilmarsson, frkvstj. Vísindagarða HÍ
Eiríkur Jónsson, yfirl. þvagfæraskurðlækninga, LSH
Elín Björnsdóttir, formaður félags hjúkrunarfr.nema við HÍ
Elín H. Ísleifsdóttir, skrifstofustjóri, LSH
Elín Hrefna Garðarsdóttir, geðlæknir, LSH
Elín J G Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfr. og dr í hagfræði, LSH
Elísabet Benedikz, yfirl. gæðamála, LSH
Elísabet Guðmundsdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Elsa Valsdóttir, skurðlæknir, LSH
Emma R. Marinósdóttir, viðskiptafræð. og fjárm.stj., LSH
Engilbert Sigurðsson, prófessor HÍ og yfirl. LSH
Erla Dögg Ragnarsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor, hjúkrunafr.deild HÍ
Erlín Óskarsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Erna Magnúsdóttir, líffræð., Læknadeild HÍ
Eva Björk Eyþórsdóttir, móttökuritari, LSH
Eydís Kr Sveinbjarnardóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfr. og fv. formaður hjúkr.ráðs, LSH
Eyrún Thorstensen, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Finnur Björgvinsson, arkitekt
Friðbjörn Sigurðsson, læknir, framh.menntunarstj. lyfl., LSH
Geir Gunnlaugsson, fyrrv. landlæknir og lektor við HÍ
Geir H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra
Gísli H. Sigurðsson, prófessor HÍ og yfirl., LSH
Gísli Másson, stærðfræð., Íslensk Erfðagreining
Gísli Vigfússon, yfirl. svæfingadeild, LSH
Guðbjartur Hannesson, fyrrv. heilbrigðis- og velferðarráðherra
Guðbjörg Guðmundsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Guðbjörg Pálsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Guðbjörg Sveinsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Guðfinna Bjarnadóttir, fyrrv. rektor HR
Guðfinna Ingjaldsdóttir, mannauðsráðgj. og verk.stj., LSH
Guðjón Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisst. Vesturlands
Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, hjúkr.fr. og frkvstj. flæðisv. LSH
Guðlaugur Þór Þórðarsson, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Guðmundur Bjarnason, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Guðmundur H. Guðmundsson, prófessor, HÍ
Guðmundur Kristinn Klemenzson, sv. og gjörgæslulæknir, LSH
Guðmundur Sævar Sævarsson, hjúkr.fr. og deildarstj., LSH
Guðmundur Þorgeirsson, prófessor HÍ og yfirl., LSH
Guðný Elísabet Jónsdóttir, viðskiptafræð., LSH
Guðný Helga Herbertsdóttir, deildarstj., LSH
Guðríður Þórðardóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH

Guðrún Ágústsdóttir, form. öldungarráðs Reykjavíkurborgar
Guðrún Björg Erlingsdóttir, hjúkrunarfr. og verkefnastj., LSH
Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, hjúkrunarfr., verkefnastj., LSH
Guðrún Jónsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Guðrún Magney Halldórsdóttir, hjúkr.fr. og deildarstj., LSH
Guðrún Úlfhildur Grímsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Guðrún Valdimarsdóttir, lektor, læknadeild HÍ
Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirl. lyfl. krabbameina, LSH
Gunnar Mýrdal, sérfræðilæknir, hjartaskurðlækningar, LSH
Gunnhildur Peiser, húkrunarfr. og verkefastj. , LSH
Gunnlaug Ottesen, MSc í stærðfræði og verkefnastj.
Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgj., LSH
Gunnþóra Ólafsdóttir, landfræð.
Gyða Ásmundsdóttir, bókhaldsstjóri, LSH
Gyða Baldursdóttir, aðstoðarfrkvstj. lyflækningasviðs, LSH
Halla Grétarsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Halldór Blöndal, fyrrverandi forseti Alþingis
Halldór Jónsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Halldór Kolbeinsson, yfirl., LSH
Halldóra Hálfdánardóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Halldóra Jónsdóttir, yfirl., LSH
Halldóra Lisbeth Jónsdóttir, mannauðs- og gæðastjóri, LSH
Halldóra Ólafsdóttir, yfirl., LSH
Hanna Kristín Guðjónsdóttir, hjúkrunarfr. og ljósmóðir, LSH
Hannes Petersen, prófessor, Læknadeild HÍ og yfirl. á LSH
Hans G. Þormar, frkvstj., Lífeind
Haraldur Auðunsson, dósent, Tækni og verkfræðideild, HR
Haraldur Halldórsson, vísindamaður, Læknadeild HÍ
Heiður Reynisdóttir, verkefnastj., Heilbrigðisvísindasvið HÍ
Helga Bragadóttir, dósent, hjúkrunarfræðideild HÍ
Helga Gunnarsdóttir, viðskiptafræð. og verkefnastj., LSH
Helga Harðardóttir, hjúkrunarfr. og verkefnastj., LSH
Helga Hrefna Bjarnadóttir, hjúkrunarfr., LSH
Helga Jónsdóttir, prófessor og forseti hjúkrunarfræðid. HÍ
Helga Jörgensdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Helga Kristín Einarsdóttir,, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor, læknadeild HÍ
Helga Sif Friðjónsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Helga Zoega, dósent, Miðstöð í Lýðheilsuvísindum, HÍ
Helga Þórðardóttir, lögfræð., LSH
Helgi Þ Kristjánsson, mannauðsráðgj., LSH
Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisst. Suðurlands
Herdís Herbertsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj.
Herdís Sveinsdóttir, prófessor, Hjúkrunafræðideild HÍ
Hildur Arnardóttir, sjúkraliði, LSH
Hildur Einarsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Hildur Helgadóttir, hjúkrunarfr. og verkefnastj., LSH
Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Hilmar Kjartansson, yfirl. bráðalækninga, LSH
Hilmar Thor Bjarnason, verkefnastj., LSH
Hjalti Már Björnsson, sérfræðingur í bráðalækningum, LSH
Hjördís Elva Valdimarsdóttir, læknir, LSH
Hjördís Smith, svæfinga- og gjörgæslulæknir, LSH
Hlíf Steingrímsdóttir, læknir, frkvstj. lyflækningasviðs, LSH
Hólmfríður Erlingsdóttir, sjúkraþjálfari, LSH
Hrafnhildur Baldursdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Hrund Sch. Thorsteinsdóttir, hjúkr.fr. og deildarstjóri, LSH
Hrönn Harðardóttir, hjúkrunarfr. og gæðastjóri, LSH
Hulda Gunnlaugsdóttir, hjúkrunarfr. og fyrrv. forstjóri LSH
Hulda Harðardóttir, lyfjafræð. og verkefnastj., LSH
Hulda Steingrímsdóttir, umhverfisfræð., LSH
Hörður Þorgilsson, sálfræð., LSH
Inga Björnsdóttir, hjúkrunarfr. og aðstoðardeildarstj., LSH
Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor, HR
Inga Jakobína Arnardóttir, yfirlyfjafræð., LSH
Inga Þórsdóttir, prófessor og forseti Heilbrigðisvísindas. HÍ
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, yfirl. hjartaþræðinga, LSH
Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstj. Næringarstofu, LSH
Ingibjörg Harðardóttir, prófessor, læknadeild HÍ
Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, LSH
Ingibjörg Nielsen, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Ingileif Jónsdóttir, prófessor, HÍ
Ingileif Sigfúsdóttir, hjúkr.fr. og deildarstj., Barnaspítala
Ingólfur Þórisson, verkfr., frkvstj. rekstrarsviðs, LSH
Ingunn Baldursdóttir, fulltrúi, læknadeild HÍ
Ingunn Steingrímsdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Ína Rós Jóhannesdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Ísleifur Ólafsson, yfirl., LSH
Jakob Valgeir Finnbogason, rekstrartæknifr. og deildarstj., LSH
Jóhann Heiðar Jónsson, sérfræðilæknir, LSH
Jóhann Marínósson, hjúkrunarfr., LSH
Jóhanna Bernharðsdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Jóhanna Brynjarsdóttir, læknanemi, HÍ
Jóhanna Guðbjörnsdóttir, viðskiptafræð., LSH
Jóhanna Guðrún Guðmundsdóttir, viðskiptafræð. og fjármálaráðgj., LSH
Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrv. forsætisráðherra
Jóhannes M. Gunnarsson, læknir, vísinda- og þróunars., LSH
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Jón Gnarr, fyrrv. borgarstjóri
Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisst. Norðurlands
Jón Hilmar Friðriksson, læknir og frkvstj. kvenna- og barnasviðs LSH
Jón Jóhannes Jónsson, prófessor HÍ og yfirl. LSH
Jón Kristjánsson, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt
Jón Snorrason, hjúkrunarfræð., LSH
Jón Snædal, yfirl., LSH
Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Jónína H Hafliðadóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Jónína H Hafliðadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, LSH
Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor, læknadeild HÍ
Jórunn Frímannsdóttir Jensen, hjúkr.fr. og deildarstj., LSH
Jörgen L. Pind, prófessor í sálfræði, HÍ
Karl Andersen prófessor, yfirl. hjartagáttar, LSH
Karl Krisinsson, prófessor HÍ og yfirl. LSH
Karl Ægir Karlsson, prófessor, Tækni og verkfræðideild, HR
Karólína Guðmundsdóttir, verkfr. og deildarstj., LSH
Katrín Blöndal, Sérfræð. í hjúkrun, LSH
Kári Hreinsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir, LSH
Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar Erfðagreiningar
Kjartan Logi Ágústsson, læknanemi, HÍ
Kolbeinn Kolbeinsson, verkfr.
Kolbrún Gísladóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Kolbrún Jónsdóttir, verkefnastj., LSH
Kristinn Sigvaldason, yfirl. svæfinga- og gjörgæslud., LSH
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðaf. Íslands
Kristín Björg Albertsdóttir, forstjóri Heilbrigðisst. Austurlands
Kristín Björnsdóttir, prófessor, hjúkrunafræðideild HÍ
Kristín Edda Ottesen, móttökuritari, LSH
Kristín Einarsdóttir, félagsráðgj., LSH
Kristín Gunnarsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Kristín Heimisdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands
Kristín Ingólfsdóttir, fyrrv. rektor HÍ
Kristín Jónsdóttir, yfirl. kvennadeildar, LSH
Kristín Sophusdóttir, hjúkrunarfr.
Kristjana Guðbergsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Kristján Erlendsson, dósent og kennslustj. læknadeildar HÍ
Lilja Hildur Hannesdóttir, verkefnastj., LSH
Lilja Stefánsdóttir, hjúkrunarfr. og frkvstj. skurðl.sviðs LSH
Lilja Þyrí Björnsdóttir, yfirl. æðaskurðlækninga, LSH
Linda Kristmundsdóttir, hjúkr.fr. og deildarstjóri, LSH
Magnús Gottfreðsson, prófessor HÍ, yfirl. Vísindad., LSH
Magnús Gunnarsson, hagfræð. og fjármálastjóri, LSH
Magnús Haraldsson, dósent Hí, sérfræð. í geðl., LSH
Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknad. HÍ
Magnús Kjartan Gíslason, lektor, Tækni og verkfræðid., HR
Magnús Ólafsson, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Magnús Pétursson, fyrrv. forstjóri LSH
Margrét Eiríksdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Margrét Guðjónsdóttir, hjúkrunarfr. og verkefnastj., LSH
Margrét Jónasdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Margrét O Thorlacius, hjúkr.fr. og deildarstj., Barnaspítala Hringsins
Margrét Sjöfn Torp, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Marianne Holm Bjarnadóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
María Einisdóttir, hjúkrunarfr., frkvstj. geðsviðs, LSH
María Heimisdóttir, læknir, frkvstj. fjármálasviðs, LSH
María Vigdís Sverrisdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Marta Hjálmarsdóttir, stjórn. námsbr. í lífeindafræði, HÍ
Nanna Briem, yfirl., LSH
Nanna Friðriksdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Oddur Fjalldal, svæfinga- og gjörgæslulæknir, LSH
Oddur Gunnarsson, lögfræð., LSH
Olga Birgitta Bjarnadóttir, hjúkr.fr. og aðst.deildarstj., LSH
Ólafur Már Björnsson, augnlæknir, Sjónlagi
Ólafur Andri Stefánsson, rannsóknarsérfræð., Læknad. HÍ
Ólafur Baldursson, frkvstj. lækninga, LSH
Ólafur E. Sigurjónsson, dósent HÍ, forstöðum. Blóðbanka, LSH
Ólafur Guðlaugsson, yfirl. Sýkingavarna LSH
Ólafur Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkr.fræðinga
Ólöf Másdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Óskar Reykdalsson, læknir og frkvstj. rannsóknasviðs LSH
Paolo Gargiulo, dósent, Tækni og verkfræðideild, HR
Páll Helgi Möller, yfirl. almennra skurðlækninga, LSH
Páll Matthíasson, forstjóri LSH
Pálmi V Jónsson, yfirl. öldrunarlækninga, LSH
Pálmi Þór Ævarsson, öryggisstjóri, LSH
Pétur Hannesson, yfirl. röntgendeildar, LSH
Pétur Henry Petersen, dósent, Læknadeild HÍ
Pétur Magnússon, lyfjafræð.
Rafn Benediktsson, prófessor HÍ og yfirl. efnaskipta og innkirtlasjúkdóma, LSH
Ragna Sigurðardóttir, læknanemi, HÍ
Ragnar Bjarnason, yfirl. barnal., Barnaspítala Hringsins
Ragnar P. Ólafsson, dósent í sálfræði, HÍ
Ragnheiður Guðmundsdóttir, hjúkr.fr. og deildarstj., LSH
Ragnheiður Haraldsdóttir, hjúkrunarfr.
Ragnheiður S Einarsdóttir, yfirsjúkraþjálfari, LSH
Rakel Björg Jónsdóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Rakel Sif Jónsdóttir, hjúkrunarfræðinemi, HÍ
Rannveig B Gylfadóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Rannveig Rúnarsdóttir, ljósmóðir og verkefnastj., LSH
Reynir Arngrímsson, læknir, prófessor HÍ
Rikka Mýrdal, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Rúnar Bjarni Jóhannsson, deildarstj., LSH
Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræð., fv.sviðsstjóri skipulags-og byggingarsviðs Rvk
Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur, LSH
Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Sighvatur S. Árnason, dósent, Læknadeild HÍ
Sigríður Edda Hafberg, hjúkrunarfr. og mannauðsstjóri, LSH
Sigríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Sigríður Gunnarsdóttir, frkvstj. hjúkrunar, LSH
Sigríður Linda Vigfúsdóttir, skrifstofum., LSH
Sigríður Rafnar Pétursdóttir, lögfræðingur
Sigríður Sigurðardóttir, verkefnastj., LSH
Sigríður Valtýsdóttir, yfirl. almennra lyflækninga, LSH
Sigríður Zoëga, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Sigrún Garðarsdóttir, yfiriðjuþjálfi, LSH
Sigrún Helga Lund, lektor, Miðstöð í lýðheilsuvísindum og læknadeild HÍ
Sigurbergur Kárason, dósent HÍ og yfirl. svæfinga- og gjörgæsludeild, LSH
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræð., HÍ
Sigurður Guðmundsson, prófessor HÍ og fyrrv. landlæknir
Sigurður J. Grétarsson, prófessor og forseti sálfræðid. HÍ
Sigurður Páll Pálsson, yfirl., LSH
Sigurður Y. Kristinsson, prófessor HÍ og blóðmeinafr, LSH
Sigurlaug Magnúsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Sigurlín Hrund Kjartansdóttir, sálfræð., LSH
Sigþór Jón Jónsson, hjúkrunarfræðinemi, HÍ
Siv Friðleifsdóttir, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Solveig Erna Jónsdóttir, sálfræð., LSH
Sólrún Rúnarsdóttir, hjúkrunarfr. og gæðastjóri, LSH
Sólveig Bjarnadóttir, læknanemi, HÍ
Sólveig Sverrisdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Stefanía Arnardóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Stefán Alfreðsson, sérfræðingur á hjarta- og lungnavél, LSH
Stefán B. Sigurðsson, prófessor og fyrrv. rektor HA
Stefán Sigurðsson, dósent, læknadeild HÍ
Stefán Yngvason, yfirl. endurhæfingarlækninga, LSH
Sunna Sigurðardóttir, líffræð., Læknadeild HÍ
Sunna Snædal, nýrnalæknir, LSH
Sunneva Björk Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðinemi, HÍ
Svandís Íris Hálfdánardóttir, sérfræð. í hjúkrun, LSH
Svanhvít Jakobsdóttir, forstj. Heilsugæslu Höfuð-borgarsvæðisins
Svavar Gestsson, fyrrv. heilbrigðisráðherra
Sylvía Ingibergsdóttir, hjúkrunarfr., LSH
Sæmundur Rögnvaldsson, formaður félags læknanema, HÍ
Thor Aspelund, prófessor, Miðstöð í lýðheilsuvís. HÍ og læknad. HÍ
Tómas Guðbjartsson, prófessor og yfirl. á skurðsviði, LSH
Unnur A. Valdimarsdóttir, prófessor og varaforseti Læknad.
Unnur Styrkársdóttir, erfðafræð., Íslensk Erfðagreining
Valdimar Grétar Guðmundsson, byggingafræð., LSH
Valgerður Bjarnadóttir, læknanemi, HÍ
Valur Sveinbjörnsson, verkfr., LSH
Vigdís Finnbogadóttir, fyrrv. forseti Íslands
Viktor Ellertsson, viðskiptafræð. og mannauðsstjóri, LSH
Þorkell Guðjónsson, líffræð., Læknadeild HÍ
Þorkell Sigurlaugsson, viðskiptafræð.
Þorsteinn Pálsson, fyrrv. forsætisráðherra
Þorvarður Jón Löve, dósent Læknadeild HÍ og læknir LSH
Þór Eysteinsson, prófessor, læknadeild HÍ
Þór Magnússon, fyrrv. þjóðminjavörður
Þóra Árnadóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Þóra Steingrímsdóttir, prófessor HÍ og yfirl. á kvennad., LSH
Þórarinn Guðjónsson, prófessor, læknadeild HÍ
Þórarinn Tyrfingsson, læknir SÁÁ
Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgj. lyflækningasviðs, LSH
Þórdís Wium, viðskiptafræðingur og mannauðsstjóri, LSH
Þórður Helgason, dósent, Tækni og verkfræðideild, HR
Þórður Þórkelsson, yfirl. vökud., Barnaspítala Hringsins
Þórhildur Höskuldsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Þórleif Drífa Jónsdóttir, verkefnastj., LSH
Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu
Þórunn Rafnar, erfðafræðingur, Íslensk Erfðagreining
Þórunn Sævarsdóttir, hjúkrunarfr. og deildarstj., LSH
Þráinn Rósmundsson, yfirl. barnaskurðlækninga, LSH
Þröstur Óskarsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða
Þuríður Pálsdóttir, verkefnastj. læknadeild HÍ

Ofangreindir aðilar greiða fyrir þessa birtingu.

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Ólöf Skaftadóttir
OLOF@FRETTABLADID.IS
Viktoría Hermannsdóttir
VIKTORIA@FRETTABLADID.IS

Ég barðist mjög hart gegn Icesave, ESB-umsókninni. Ég barðist fyrir því að það yrði ekki sturtað yfir þjóðina nýrri stjórnarskrá sem sá ekki fyrir endann á og ég uppskar eftir því.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki fleiri ríkisstofnanir, takk!

Vigdís Hauksdóttir segir það ekki svo að ríkisfé vaxi á trjánum. Hún hefur áhyggjur af bólumyndun í fjárlögum. Hún hafnar því algjörlega að Framsóknarflokkurinn vilji einangra Íslendinga frá umheiminum og segir flokkinn þvert á móti vera líberal. Vigdís vill samt stíga varlega til jarðar í málefnum flóttamanna og segir aðkallandi að skera enn frekar niður í ríkisfjármálum, jafnvel þurfi að sameina ríkisstofnanir.

Þegar ég var kosin 2009 ákvað ég að láta til mín taka og fara í erfið mál sem eru kannski og hafa ekki verið líkleg til vinsælda. Enda nenni ég ekki að vera í neinni vinsældakeppni," segir Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.

Vigdís hefur verið áberandi á þingi, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, sem formaður fjárlaganefndar, og oft mætt mikilli gagnrýni sem hún segir til komna vegna þess að hún hiki ekki við að hjóla í erfiðu málin. „Ég barðist mjög hart gegn Icesave, ESB-umsókninni. Ég barðist fyrir því að það yrði ekki sturtað yfir þjóðina nýrri stjórnarskrá sem sá ekki fyrir endann á og ég uppskar eftir því og sinni nú því embætti sem raun ber vitni."

En af hverju ertu ekki ráðherra? Fannst þér gengið fram hjá þér við ráðherraskipan? „Já, mér fannst það á sínum tíma vegna þess að ég var oddviti og leiddi Reykjavík suður og vegna kosningasigursins. En svo er ég afar sátt í dag við að vera formaður fjárlaganefndar. Ég er mikill þingmaður í eðli mínu og hef mikinn eldmóð fyrir því að sinna þinginu. Oft á tíðum finnst mér þingið ekki nógu sterkt. Ég tel að það mætti gera langtum betur. Þingið er orðið veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nú er ég til að mynda í sjöunda sinn að leggja fram lagafrumvarp um að stofna lagaskrifstofu Alþingis. Það hefur ekki fengið hljómgrunn þótt allir séu sammála um að það þurfi að breyta starfsháttum þingsins."

Sorgleg staða

Vigdís vill að lagaskrifstofan taki til sín þingsályktunartillögur og lagafrumvörp, forvinni og lesi yfir. „Passi upp á að það fari ekki lagafrumvörp fyrir þingið sem til dæmis stangast á við stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Því að lagasetning hefur verið mjög á hallandi fæti undanfarin 10-15 ár sem birtist í fjölda dómsmála. Á síðasta kjörtímabili var farið í gegn með lagafrumvarp sem stríddi gegn stjórnarskránni, það endaði fyrir dómstólum og Hæstiréttur komst að því að Árna Páls-lögin brutu gegn stjórnarskránni. Þetta er ekki boðlegt fyrir okkur sem sjálfstætt ríki að haga málum með þessum hætti. En þetta frumvarp hefur mætt mikilli andstöðu, aðallega innan þingsins því það eru allir að verja sitt vígi. Það eru embættismenn innan þingsins og í ráðuneytunum sem eru að verja sín vígi. Það er mjög sorglegt."

Hún segir þingmenn kosna af þjóðinni, úr hverju kjördæmi og ef þingmenn ná ekki sínum stefnumálum í gegn þá sé andrúmsloftið orðið skrítið. „Þingsköpum var breytt, nú er þingið sett annan þriðjudag í september – það er komið fram yfir miðjan október og það vantar mál inn í þingið. Samt bíður lagaskrifstofufrumvarpið fyrstu umræðu og ég kem því ekki á dagskrá þingsins. Ég set orðið stórt spurningarmerki við hlutverk þingmanna í þinginu vegna þess að það er erfitt að koma þingmannamálum á dagskrá."

Kerfið er sleipt

En sem formaður fjárlaganefndar starfar Vigdís ásamt varaformanninum, Guðlaugi Þór, og fleirum. Hún segir samstarfið ganga vel. „Við vildum auka til muna eftirlitshlutverk fjárlaganefndar. Við erum að gera það sem við getum til að efla eftirlitshlutverk þingsins en það er nú þannig með þetta blessaða kerfi að það er stundum lítið um svör. Svo eru stofnanir sem fara fram úr því sem þeim hefur verið úthlutað. Kerfið er sleipt og það eru fundin ýmis ráð til þess að ná sér í aukafjárveitingar og annað. En í flestum tilfellum er ríkisreksturinn í lagi og stofnanir halda sig innan ➡

23. - 26. október

TAX FREE HELGI*

Föstudag - mánudags

Gildir ekki um vörur á áður niðursettu
verði og vörum merktum
“Everyday Low Price”

© ILVA Ísland 2015 Virðisaukaskatturinn er reiknaður af við kassann.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18,
mánudaga - föstudaga 11-18:30

ILVA

➡ fjárlaga en það er okkar hlutverk að hafa eftirlit með því.”

Hvað gerið þið þegar ríkisstofnanir fara fram úr fjárlögum? „Eina sem við getum gert er að benda á að viðkomandi stofnun sé að fara fram úr fjárlögum. Fá þá annaðhvort stofnanirnar sjálfar eða ráðuneytin á okkar fund og brýna fyrir þeim að halda sig innan fjárlaga. En þið hafið séð slaginn sem er búið að taka á þessu kjörtímabili. Ég sat nú í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar og þar voru 111 tillögur að úrbótum til sparnaðar í ríkisrekstri. Það hefur gengið mjög illa að framfylgja þessu. Ég hef oft sagt að kerfið verji sig sjálft og við skokkum nú oft á vegg varðandi það. En fyrir rest þá er það ráðherra sem ber ábyrgð á sínu ráðuneyti og sínum undirstofnunum. Eftirlitshlutverk fjárlaganefndar eins og við höfum unnið það síðustu tvö ár er til þess að styrkja ráðherrana í starfi en það er afskaplega erfitt að taka til í ríkisrekstrinum virðist vera. Skera niður eða hagræða,“ útskýrir Vigdís og segir þarna blandast inn í lög um opinbera starfsmenn.

„Það er afar erfitt að eiga starfslok við þá sem undir þau lög falla. Að vísu er undanþágugrein þar sem gengur út á að það sé hægt að eiga starfslok við starfsmann ef um sparnað er að ræða. Ég tel að það væri hægt að taka enn frekar til í ríkisrekstri. Samtök atvinnulífsins voru hjá okkur á fundi í vikunni, þeir gagnrýna mjög að fjárlögin séu ekki þannig úr garði gerð að einhver sparnaður verði. Ég tek undir það. Það er bólumyndun í fjárlagafrumvarpinu, því miður.“

Ríkisfé vex ekki á trjánum

Hvernig telurðu að hægt sé að taka betur til í ríkisrekstrinum? „Með þessum aðgerðum til dæmis, aðgerðum eins og að sameina stofnanir. Að framkvæmdarvaldið setji sér þá reglu að stofna ekki fleiri stofnanir á vegum ríkisins. Þegar lög fara í gegnum þingið virðist það innifalið í þeim að ný stofnun fylgi í kjölfarið. Það er bara vitað. Það er trend að kerfið vill stækka sjálft sig, því miður er það þannig. Það eru ekki allir á sömu blaðsíðu um það að við þurfum að draga saman ríkisútgjöld. Það sjá það allir sem vilja að þetta gengur ekkert lengur. Við erum að berjast við að hafa ríkissjóð hallalausan. Það er svo mikil ásókn í fjárlögin. Mér finnst eins og það séu margir sem átta sig ekki á hvaðan tekjurnar koma. Ríkisfé vex ekki á trjánum. Það þarf þjóðarvakningu í þessa veru að ríkið þurfi að spara og draga úr rekstri sínum til þess að við getum farið í það að greiða niður erlendar skuldir af fullum krafti.“

Vigdís segir það of oft gleymast hversu lítil þjóð við erum. „Við erum bara 320 þúsund manns, og við erum að reka hér stofnanabatterí á við stórþjóð. Auðvitað þarf að renna saman stofnunum sem hafa sambærilegt hlutverk. Svo hef ég líka tekið eftir því í fjárlagagerðinni að það eru margar stofnanir sem eru að sinna sama hlutverkinu. Þá geta góð verkefni fallið á milli stofnana. Þeim ekki sinnt. Það er svo margt svona sem þarf að fara yfir.“

Vill sameina stofnanir

Hvaða stofnanir viltu sameina? „Ef ég fer að nefna stofnanir þá verður allt vitlaust. Ég skal samt nefna sambærilegar stofnanir sem ættu að renna saman því það bara steinliggur. Það er Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá jafnvel og Ríkisskattstjóri þar sem er verið að vinna með útgreiðslur og bætur til einstaklinga. Það er fullkomið hagræði að renna saman Vinnumálastofnun og Tryggingamálastofnun því þetta eru útgreiðslustofnanir auk þess að vera að koma fólki í vinnu. Það eru líka uppi áform um það að koma fólki í vinnu sem er búið að vera lengi atvinnulaust og jafnvel komið á bætur. Þetta er danskt módel. Þjóðskrá heldur utan um lögheimili og kennitölur, Vinnumálastofnun er með þá sem eru á atvinnuleysisskrá, Tryggingastofnun með þá sem eru á bótum, Ríkisskattstjóri með endurgreiðslu skatta. Það ættu allir að fagna þessum hugmyndum því við vitum hvað gerist fyrsta ágúst ár hvert. Ég tek dæmi um hóp sem eru eldri borgarar, hafi þeir tekjur á árinu þá eru þeir að fá greiðslu frá Tryggingastofnun og svo fyrsta ágúst er endurgreiðslukrafa á viðkomandi sem skerðir bæturnar síðustu mánuðina á árinu. Ef þetta væri samtímagreiðslukerfi þá væri þetta allt gegnsætt og viðkomandi eldri borgarar myndu vita hvað þeir hefðu í ráðstöfunartekjur í hverjum mánuði. En gleymið því ekki – ég er ekki ráðherra og get ekki beitt mér með því valdi. En ég er formaður fjárlaganefndar og get einungis bent á góðar hugmyndir.“

Aðspurð segir Vigdís sameiningu ríkisstofnana ekkert endilega fela í sér töpuð störf. „Þegar það er verið að renna saman stofnunum er það gert til þess að hagræða í rekstri. Og opinberi geirinn þarf að gera það enn frekar en almenni markaðurinn, á almenna markaðnum eru eigendur á bak við fyrirtækin, sem eiga þau og reka þau af hagnaðarsjónarmiði. Ríkið má aldrei reka sig í hagnaðarsjónarmiði en ríkið þarf að reka sig þannig að það sé farið sem best með skattfé. Meðan það er verið að fara með skattfé í óþarfa og vitleysu þá er ekki verið að nota það sama fé í forgangsmál og brýn mál. Þetta gefur augaleið.“

Illa staðið að niðurskurði

Hún segir illa hafa verið staðið að niðurskurði eftir hrun og núverandi stjórnvöld séu enn að bíta úr nálinni með það. „Það var farið í allar grunnstoðirnar, heilbrigðismálin og samgöngumálin, menntamálin. Sem við höfum verið að bæta síðan við tókum við. Það var farið af stað með ýmis gæluverkefni. Fé sem ég dauðsé eftir.“ Vigdís nefnir aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem dæmi „Hún var gríðarlega kostnaðarsöm. Það var farið af stað með rándýrt ferli um breytingar á stjórnarskránni, stjórnlagaþing og svo framvegis. En þetta voru rétt kjörin stjórnvöld á sínum tíma. Ég gagnrýni forgangsröðunina á því en þau höfðu til þess lýðræðislegt umboð.“

En eru þessi mál sem þú nefnir ekki frekar stórmál en gæluverkefni? „Það má nú deila um það því við vitum hvernig það fór í þinginu. Þingmenn voru teknir undir vegg og þeim hótað. Það var aldrei meirihluti fyrir ESB í þinginu. Guðfríður Lilja og fleiri hafa sagt frá því hvernig kaupin gerðust á eyrinni. Við vitum alveg hvernig það var, VG seldi andstöðu sína við Evrópusambandið gegn því að friða Þjórsá. Þetta kemur fram í bók Össurar Skarphéðinssonar og það væri holl þjóðarlesning að lesa allt plottið og hrossakaupin sem áttu sér stað á síðasta kjörtímabili. Af því að þetta var maður sem sat við borðið alla tíð. Betri samtímaheimild er ekki hægt að nálgast neins staðar.“

Vigdís segist þó ekki nenna að dvelja í fortíðinni. „Ég vil horfa á öll þau góðu tækifæri sem við eigum sem sjálfstæð þjóð. Það græðir enginn á því að benda á fortíðina eins og fyrrverandi ríkisstjórn var dugleg að gera. Og þau fengu tækifæri og klúðruðu því að mínu mati. Þið vitið hvernig kosningarnar 2013 fóru. Sögulegt tap. Það dæmdi þau úr leik svo eftirminnilega.“

Ekki dýraníð í sveitunum

Vigdís er fædd og uppalin í sveit, frá Stóru-Reykjum í Hraungerðishreppi sem nú tilheyrir Flóahreppi. Hún er næstyngst sex systkina. „Ég átti góða sveitaæsku, tók þátt í öllum störfum og er rosalega fegin í dag að hafa alist upp í sveit og fengið að kynnast náttúrunni á þennan hátt. Ég er ekki síður glöð með það að hafa fengið að læra hvernig kaupin gerast á eyrinni varðandi dýrahald og ræktun bústofna og annað. Nú eru ofboðslega margir á Íslandi uppteknir af því að það sé eitthvert dýraníð í gangi í sveitum landsins. Ég hreinlega skil ekki þessa umræðu.“

Ertu að tala um svínabúin? „Ég kem frá sauðfjár- og kúabúi. Ég veit að íslenskir bændur gera sitt besta til að framleiða sem besta vöru og ég er fegin að hafa fengið að kynnast þessu í minni æsku.“

Stöndum vel í flóttamannamálum

Fátt hefur verið jafn mikið í umræðunni undanfarnar vikur og mánuði eins og málefni flóttamanna.

Vigdís Hauksdóttir segir Svandísi Svavarsdóttur, þingmann Vinstri grænna, leiðtogann í grímulausum árásum á forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þingmenn voru teknir undir vegg og þeim hótað. Það var aldrei meirihluti fyrir ESB í þinginu.**

> **Kerfið passar upp á sjálft sig og karlasamtryggingin í opinbera kerfinu er býsna sterk.**

Vigdísi finnst Íslendingar standa býsna vel í þeim efnum. „Við erum að tala um að í þennan málaflokk fari 2.000 milljónir. Ég tel að við sem svona lítil þjóð séum á býsna góðum stað í þessu ferli öllu. Svo ég vitni aftur í hagræðingarhópinn þá var ein af tillögunum að við myndum taka upp norsku leiðina til þess að auðvelda öllum þetta ferli. Norska leiðin gengur út á það að komi hælisleitandi þá taki málsmeðferðin einungis tvo sólarhringa fyrir alla. Auðvitað er það mannréttindabrot að láta fólk bíða milli vonar og ótta bara út af seinagangi í kerfinu og hvað tekur langan tíma að úrskurða. Þannig að við lögðum áherslu á það þá. Ég vil stíga mjög varlega til jarðar í þessum málum samt og treysti yfirvöldum til þess að leysa úr þessu samkvæmt alþjóðalögum því við erum aðilar að þessum samningum.“

Vigdís hafnar þeim málflutningi sem hefur verið áberandi um að Framsóknarmenn séu hálfgerðir einangrunarsinnar sem vilji ekki útlendinga inn í landið.

„Þetta eru andstæðingar okkar sem eru að reyna gera okkur tortryggileg í þessum málaflokki. Ef þið mynduð fara yfir öll þau mannréttindi sem Framsóknarflokkurinn hefur barist fyrir í gegnum tíðina þá kæmi það ykkur mjög á óvart. Við höfum verið í fararbroddi með ályktanir á okkar flokksþingum sem snúa að mannúðarmálum og réttindabaráttu allri í víðtækum skilningi. Þetta er eitthvað sem andstæðingum okkar hentar að halda á lofti og ég blæs á þessi rök og það er gott að geta svarað fyrir þetta í eitt skipti fyrir öll.“

Er enginn rasismi í Framsókn?

„Að sjálfsögðu ekki. Þetta er opinn, lýðræðislegur flokkur sem berst fyrir mannréttindum.“

Hún segir gagnrýnina á flokkinn oft vera þannig að verið sé að reyna að gera eitthvað úr Framsóknarflokknum sem hann er ekki. „Framsóknarflokkurinn var orðinn óþægilega stór núna eftir síðustu kosningar fyrir ákveðna andstæðinga okkar. Þá er öllum brögðum beitt. Auðvitað hafa þessar árásir ekkert farið fram hjá mér. Og þá spyr ég, hvað gengur þessi fólki til að haga sér með þessum hætti? Sem hafa gengið svona hart fram? Þegar stefna flokksins míns er skoðuð þá er hún mjög líberal. Þannig að þetta eru fyrst og fremst pólitísk öfl sem hafa það á stefnuskrá sinni að ryðja Framsóknarflokknum úr vegi. Þar á meðal eru árásir á forsætisráðherra og formann flokksins. Ég get alveg sagt ykkur það að þessar grímulausu árásir þingmanna stjórnarandstöðunnar á forsætisráðherra í þinginu, mér blöskrar það alveg. Og þetta er alveg grímulaust – það fer ekkert á milli mála hver það er sem stendur fyrir þessu. Það er einn leiðtogi sem tekur alla hina með sér.“

Sigmundur fær verstu útreiðina

Hver er leiðtoginn? „Svandís Svavarsdóttir er mjög aggressív í þessa veru, svo fylgja hinir á eftir. Svo er þetta treinað upp á bloggsíðum og í kommentakerfum. Þetta er svona hulduher, skulum við segja.“

Aðspurð segir hún Sigmund vissulega verða mest fyrir barðinu á óvæginni umræðu. „En hann stendur þetta allt af sér því allir skynsamir Íslendingar sjá hvað er í gangi. Þetta er byggt fyrst og fremst á kosningatapi og þeir – Samfylking og Vinstri grænir – sættu sig aldrei við kosningatapið á sínum tíma. Framsóknarflokkurinn uppskar ríkulega meðal annars vegna Icesave-málsins, en þar erum við líka komin inn á fjölskyldutengsl því við vitum hver var í samninganefnd Icesave. Kannski eru einhverjar óuppgerðar sakir þar.“

Um hverja ertu þá að tala? “Þeir hétu Svavar Gestsson og Indriði Þorláksson. Ég vil ekkert segja meira.“

Vigdís segir sér ekki sárna umræðan. „Það frekar þykknar í mér. Ég hugsa að þetta sé rosalega ósanngjarnt og óréttlátt miðað við árangur kjörtímabilsins. Að þessi neikvæðni og bölmóður sé á borðum landsmanna í stað þess að líta á stöðuna eins og hún er. Stórkostlegar framfarir fyrir land og þjóð en það er sífellt verið að finna hið neikvæða og þetta litla sem miður hefur farið. Ég er stundum rosalega hissa.“

Ellilífeyrisþegar hafa það gott

Aðspurð hvort óánægjuraddir stafi ekki af því að hér sé ýmislegt að, margir eigi ekki í sig og á, húsnæðisvandamál séu mikil segir Vigdís: „ Ég er ekkert að gera lítið úr því og það fær mikið pláss í fjölmiðlum. Þeir sem hafa fylgst með stefnu ríkisstjórnarinnar og vita hvernig hún er, þá er verið að fara í öll þessi mál. Ellilífeyrir hefur hækkað um 9,4 prósent. Ég tel til dæmis að meirihluti ellilífeyrisþega hafi það býsna gott en auðvitað þarf að greina þá sem eru kannski á leigumarkaði og hafa strípaðar bætur. Það þarf að finna út hvað þessi hópur er stór. Leiguvandi er ekkert nýr af nálinni en það verður að gefa okkur svigrúm til þess að vinna að þessum málum því þetta gerist ekki á einni nóttu. Við erum búin að fara í gegnum skuldaniðurfellinguna og öll þessi góðu mál og þá er bara næsta verkefni á dagskrá,“ útskýrir Vigdís og heldur áfram:

„Neikvæðu raddirnar eru alltaf háværari og það er haldið fram hálfsannleik. Það eru öfl í þessu samfélagi sem eru alltaf að reyna að koma inn neikvæðum straumum. Ég held bara að þetta sé svo óhollt fyrir okkur sem þjóð. Og kannski þeir sem eiga pínu bágt í þessu samfélagi, þeir taka mjög nærri sér að þessi neikvæða umræða er alltaf í gangi og ég er ekki að gera lítið úr þeim sem eiga bágt, það verður bara að halda vel utan um þá hópa. Og greina þá, hvernig er hægt að koma þeim betur til hjálpar? Ég var gagnrýnd mjög mikið fyrir það að ég tel vera bótasvik í kerfunum sem við erum með og ef það væru ekki bótasvik þá væri hægt að sinna þeim betur sem eru sannarlega öryrkjar. En þá var hjólað í mig og sagt að ég væri vond við öryrkja. Það er ekki meiningin. Við verðum alltaf að hafa kerfin í skoðun því að ef það eru bótasvik í kerfinu, ef það er verið að stela undan skatti sem er líka falið vandamál, þá eru þessar tekjur ekki að skila sér í ríkissjóð til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Þetta er mjög einfalt mál þegar upp er staðið.“

Vill jöfn laun karla og kvenna

Er öðruvísi að vera kona en karl í stjórnmálum? „Stundum hef ég það á tilfinningunni, já. Og það er mjög athyglisvert hvað margar konur hafa hætt í pólitík síðustu ár. Sumar hafa verið hraktar úr embætti. Eftir hrunið var merkilegt að það voru samstöðufundir einungis fyrir utan heimili kvenna ekki karla. Þannig að það er eitthvað skakkt gefið í þessu.“

Er sótt öðruvísi að konum? „Já, ég er ekki frá því. Ég er ekki að kvarta yfir minni stöðu, þið megið ekki taka það þannig. En svona heilt yfir eru konur í stjórnmálum meðhöndlaðar öðruvísi en karlar. Hvað veldur því veit ég ekki.“

Ertu femínisti? „Ég vil jafnan hlut karla og kvenna í öllum stigum samfélagsins.“ *En er það ekki skilgreining á því að vera femínisti?* „Já, þá hlýt ég að vera femínisti og það sem ég legg mesta áherslu á er að konur hafi sömu laun og karlar sem er mikill misbrestur á, og „surprise“, í opinbera kerfinu er það þannig að karlar hafa oft fleiri óunna yfirvinnutíma sem dæmi. Þannig að kerfið passar mikið upp á sjálft sig og karlasamtryggingin í kerfinu er býsna sterk.“

visir.is Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu inni á Vísir.is, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.

SPARIÐ 3.749
11.250

SPARIÐ 2.749
8.250

25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM*

LAUGARDAGUR 24. OKTÓBER

SPARIÐ 4.750
14.249

SPARIÐ 1.749
5.250

Opnunartimar:
Kópavogur 8-20
Grafarvogur 8-20
Akureyri 10-18

ToysRUs
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

*Að undanskildum leikjatölvum, spjaldtölvum, gjafakortum og vörum sem eru nú þegar með afslætti.
Þetta tilboð gildir aðeins 24.10.2015. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

Greint frá góðum árangri

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Stundum er því haldið fram að í fréttir rati ekki nema slæmar fréttir, að breytingar til batnaðar og gott gengi einhvers staðar fái takmarkaða athygli. Áhersla á það sem aflaga fer, án stærra samhengis hlutanna, verði svo til þess að upp sé brugðið skekktri og svartari mynd af stöðu heimsmála en ástæða sé til.

Sænski læknirinn og fræðimaðurinn Hans Rosling er einn af þeim sem haldið hafa þessu á lofti og slegið á mýtur á borð við að fólksfjölgun sé úr böndum í heiminum, eða að ófriður hafi sjaldan verið meiri og bent á að stórkostlegur árangur hafi náðst á síðustu árum við að eyða sárri fátækt í heiminum.

Líklega er það samt í eðli frétta að horfa á einn hlut í einu og þá ekki endilega í samhengi við stærri myndina. Ófriður og barátta við Boko Haram í litlum hluta Nígeríu ratar í fréttir, án þess að komi fram að í landinu í heild hafi átt sér stað framfarir og stöðugleiki aukist.

Því skal þó haldið til haga að ofsagt er að breytingar til batnaðar rati ekki fréttir. Eitt dæmi um slíkt er forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær um svokallaða MST-fjölkerfameðferð fyrir börn í hegðunar- eða vímuefnavanda.

MST stendur fyrir *Multisystemic Therapy* og snýst í grunninn um stuðning við fjölskyldur og börn á heimilum þeirra, en meðferðartíminn er þrír til fimm mánuðir. Þessi meðferð hefur ekki verið óumdeild og kemur í stað úrræða þar sem börn eru tekin út af heimilum sínum og jafnvel komið fyrir á sérstökum meðferðarheimilum.

Skemmst er frá því að segja að ný skýrsla velferðarráðuneytisins sýnir að umtalsverður og varanlegur árangur hefur náðst með nýju meðferðinni, á meðan árangur af úrræðum tengdum meðferðarheimilum hefur verið mun minni.

Ástæða er til að fagna þeim árangri sem Barnaverndarstofa hefur þarna náð í starfi sínu, sem speglast í því að við lok MST-meðferðar beita 90 prósent barna sem gengið hafa í gegn um meðferðina ekki ofbeldi og sama hlutfall lætur fíkniefni vera og misnotar ekki áfengi. Ríflega fjögur af hverjum fimm eru komin í skóla eða vinnu við lok meðferðar, á meðan eitt af hverjum tuttugu var í þeirri stöðu við upphaf hennar.

Varðandi spurninguna um hlutverk fjölmiðla má svo deila um hvort yfirhöfuð sé hlutverk þeirra að birta alltaf stóru myndina í hverri frétt, eða hvort raunhæft sé að fara fram á slíkt. Einhverja ábyrgð ber fólk á því sjálft að greina stóru myndina.

Hafi hins vegar einhver haldið að börnum sem lenda út af sporinu vegna hegðunarvanda eða áfengis og/eða fíkniefna sé ekki viðbjargandi, þá hefur nú verið slegið á þá mýtu. Til er meðferð sem virkar og flestum börnum hægt að hjálpa. Sem er jú góð frétt.

Ástæða er til að fagna þeim árangri sem Barnaverndarstofa hefur þarna náð í starfi sínu.

Halldór

Frá degi til dags

Hvíslarinn frá Dalvík

Þingmenn hafa tekið eftir því að Kristján Þór Júlíusson hefur ekki þurft að sæta mikilli eða harðri gagnrýni þrátt fyrir að stýra einu erfiðasta ráðuneytinu – heilbrigðisráðuneytinu – þar sem nú eru erfið verkföll sem takast þarf á við. Hann svarar öllum fyrirspurnum lágum rómi, nánast hvíslar sig í gegnum hverja krísuna á fætur annarri og eru ýmsir í stjórnarandstöðunni, af þeim sökum, nú farnir að kalla hann Hvíslarann frá Dalvík.

Útreikningarnir

Þau fóru öfugt ofan í marga orð Eyglóar Harðardóttur húsnæðismálaráðherra í fyrradag. Fram hefur komið að skortur er á litlum og ódýrum íbúðum og að byggingarkostnaður er hár. Eygló sagði við Viðskiptablaðið að taka þyrfti höndum saman til að lækka þennan kostnað. Eygló sagði líka að 10-15 aðilar komi að byggingu húss. Ef hver og einn gæti lækkað kostnað hjá sér um eitt prósent þá myndi það þýða heildarlækkun byggingarkostnaðar upp á 10-15 prósent. Illu heilli að það koma ekki hundrað að byggingu hvers húss. Því að með rökum Eyglóar, og að þeirri forsendu gefinni að hver og einn myndi gefa eftir eitt prósent af kostnaði, þá yrði væntanlega enginn kostnaður af byggingunni.

jonhakon@frettabladid.is

Biti þeirra sem best hafa það

Valgerður Bjarnadóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Fjármálaráðherrann sagði í vikunni að hann væri orðinn talsvert leiður á því að fólk teldi sanngjarnt að þær stéttir sem nú eiga í samningaviðræðum við ríkisvaldið fái kjarabætur í takt við það sem aðrar stéttir hafa fengið.

Sjálf er ég orðin hundleið á því að ráðherrar, Seðlabankinn, Samtök atvinnulífsins og annað kerfisfólk varpa ábyrgðinni á stöðugleika í efnahagskerfinu á launþega í landinu, sérstaklega þá sem lægri hafa launin.

Árið 2013 samdi launafólk um það sem kallað var ábyrgar launahækkanir. Í ljós kom að í fyrirtækjum landsins fengu stjórnendur og millistjórnendur miklu meiri launahækkanir. Stjórnendur einfaldlega hækkuðu launin sín. Hækkanir millistjórnenda kallast launaskrið, væntanlega til að halda í við stjórnendur.

Nú er aftur hætta á launaskriði, segir kerfisliðið, núna vegna þess að þeir sem lægri hafa launin fá sanngjarna launahækkun. Af hverju er þetta svona? Svar: vegna þess að kerfisliðið vill ekki breyta kerfinu.

Ríkisstjórnin hefur lækkað eða afnumið skatta og gjöld á þá sem best hafa það í þessu landi. Fyrir þá peninga hefði verið hægt að hækka laun opinberra starfsmanna.

Stjórnendur fyrirtækja bera ábyrgð á því að reka fyrirtækin, þeir bera ábyrgð á því að greiða launþegum laun sem hægt er að lifa sæmilega af. Stjórnendur bera ábyrgð á að fyrirtækjareksturinn sé þannig að framleiðni sé viðunandi. Stjórnendur bera ábyrgð á framleiðninni, ekki launþegarnir. Hingað til hafa menn komist upp með að varpa af sér allri ábyrgð, einmitt þeirri ábyrgð sem þeir segja að sé ástæða þess að þeir eigi skilin há laun.

Launþegar þurfa að fá stærri bita af kökunni, um það snýst málið. Það þýðir auðvitað að biti þeirra sem best hafa það minnkar, en það er allt í lagi! Hann verður ágætlega stór eftir sem áður. – Málið snýst ekki um höfrungahlaup, heldur uppskurð á kerfinu. Þegar uppskurðinum er lokið skulum við tala um nýtt vinnumarkaðsmódel sem fjármálaráðherrann og Samtök atvinnulífsins kalla eftir.

Nú er aftur hætta á launaskriði, segir kerfisliðið, núna vegna þess að þeir sem lægri hafa launin fá sanngjarna launahækkun.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Gyrðið ykkur í brók

Opið bréf til forseta Hæstaréttar Íslands

Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Ágæti Markús, ég las það í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum að það yrði að ryðja allan Hæstarétt þegar mál mitt gegn Karli Axelssyni, nýskipuðum hæstaréttardómara, yrði tekið fyrir á því heimili. Merkilegt ef það reynist rétt að skipun Karls í Hæstarétt skuli sjálfkrafa gera það að verkum að mál sem ég höfðaði gegn honum verði ekki dæmt af þeim sem samfélagið hefur ákveðið að séu hæfir til þess höndla það dómsstig hvaðan engu verður áfrýjað. Það hvarflar ekki að mér að sætta mig við það. Ég á líka erfitt með að sætta mig við að innanríkisráðherra hafi sett mann í stöðu hæstaréttardómara og síðan skipað í hana á meðan hann var á bólakafi í málaferlum þar sem ég er að leita réttar míns gagnvart honum. Með því hefur ráðherrann skert til muna möguleika minn á því að fá réttláta málsmeðferð.

Málið sem um ræðir lítur svona út frá mínu sjónarhorni:

Verktaki nokkur höfðaði mál gegn mér til innheimtu á peningum sem hann hélt að ég skuldaði honum en ég vissi að ég gerði ekki. Ég ákvað að leita til Karls Axelssonar um að verja mig í málinu vegna þess að vinur minn úr lögmannastétt bar honum gott orð. Ég pantaði tíma og mætti Karli í fundarherbergi á lögmannsstofunni LEX (sem er gott nafn á þannig fyrirbrigði af því það rímar við pex sem er þungamiðja lögfræðinnar). Með Karli í fundarherberginu var ungur maður sem ég kunni engin deili á og spurði því Karl hvers vegna hann væri þarna. Karl svaraði að pilturinn myndi hjálpa honum lítillega. Þegar ég spurði út í það hvernig hann hygðist snúa sér í málinu brást hann við með óþolinmæði og minnti helst á skurðlækna fortíðarinnar sem áttu það til að segja sjúklingi að honum kæmi ekkert við hvorn fótinn þeir ætluðu að taka af honum.

Líður svo og bíður og mér barst reikningur frá Karli fyrir 154 klukkutíma vinnu unga mannsins og fjögurra tíma vinnu hans sjálfs. Ég hringdi þá úr farsímanum mínum í Karl meðan ég var að keyra úr Vatnsmýrinni að húsi sem ég var að reisa uppi við Elliðavatn og sagði honum að þetta rímaði ekki við þá staðreynd að ég hefði ráðið hann til að verja mig en ekki piltinn unga. Karl brást ókvæða við og sagði að það væri ekki mitt mál hvernig hann ynni vinnuna sína. Ég sagði að þetta væri farið að líta út eins og hann ætlaði að afhenda málið piltinum, sem kæmi ekki til greina. Karl sagði að það hefði ekki verið planið til að byrja með en nú væri hann sjálfur hættur að flytja mál í héraði þannig að ekki væri úr mörgum kostum að velja.

Þegar hér var komið sögu var ég staddur við Rauðavatn þar sem farsímasamband er lélegt og samtöl rofna gjarnan sem það og gerði í þetta skiptið.

Næst fékk ég bréf frá framkvæmdastjóra LEX þess efnis að Karl hefði sagt sig frá málinu vegna þess að ég væri svo ósamvinnuþýður og hefði að auki skellt á hann. Hann sagði sem sagt einhliða upp samningi sem var á milli okkar án þess að ræða við mig eða leita sátta á annan hátt og ætlaðist samt til

> **Líður svo og bíður og mér barst reikningur frá Karli fyrir 154 klukkutíma vinnu unga mannsins og fjögurra tíma vinnu hans sjálfs.**

þess að ég bæri kostnaðinn sem hafði hlotist af samningnum. Þessu var vísað til Úrskurðarnefndar Lögmannafélagsins sem komst að þeirri niðurstöðu að þótt ég hefði leitað til Karls hefði ekkert verið að því að málið lenti hjá piltinum. Það er ótrúlegt en satt að úrskurðir þessarar nefndar í deilumálum félagsmanna við umbjóðendur þeirra eru aðfararhæfir að lögum. Það er því ljóst að löggjafinn hefur ekki reiknað með því að nefndin hefði tilhneigingu til þess að standa með félagsmönnum sínum gegn utanaðkomandi. Löggjafinn hefur því greinilega meiri trú á lögfræðingum en þjóðin hefur á honum.

Á þessu stigi málsins átti ég tvo kosti, annars vegar að borga brúsann og hins vegar að skjóta málinu til dómstóla. Ég kaus síðari kostinn vegna þess að ég er þannig í sveit settur að fyrir mér er þetta prinsippmál og hefur ekkert með peninga að gera. Ég tapaði málinu fyrir héraðsdómi þar sem Karl mætti og staðhæfði að hann hefði aldrei sagt að hann væri hættur að flytja mál í héraði. Hæstaréttardómarinn sem var settur á því augnabliki en er skipaður í embættið í dag, laug sem sagt fyrir rétti. Það var honum að vísu með öllu áhættulaust vegna þess að hann sagði þetta við mig í síma og engin leið fyrir mig að sanna það. Það breytir því ekki að hann sagði það og hann veit það og lögfræðingurinn ungi að öllum líkindum líka. Síðan áfrýjaði ég málinu og þess vegna erum við stödd á þeim stað að mér er sagt að það þurfi að ryðja Hæstarétt þegar málið verður tekið fyrir.

Ég geng út frá því sem vísu að þeir sem vilja ryðja Hæstarétt í málinu okkar Karls haldi að þeir væru að hlúa að mínum hagsmunum með því. Ég er á öndverðri skoðun. Ég er hins vegar á sama máli og þeir að því leyti að mér finnst töluverð hætta á hagsmunaárekstri ef hæstaréttardómarar eiga að dæma í máli eins úr þeirra hópi. En mér finnst enn meiri hætta á hagsmunaárekstri ef í þeirra stað verða fengnir héraðsdómarar og lögfræðingar. Þetta minnir nefnilega á þann tíma þegar menn voru að ræða eignarhald fjölmiðla og eigendurnir héldu því fram, líklega með réttu, að þeir væru alls ekki að skipta sér af því hvernig fjölmiðlarnir flyttu fréttir en þeir sem til þekkja voru vissir um að starfsmenn fjölmiðlanna væru sífellt að geta sér til um hvað eigendurnir vildu að þeir segðu og munduðu penna sína samkvæmt því.

Héraðsdómarar og lögfræðingar eiga gjarnan töluvert undir því hvernig Hæstiréttur fer með þeirra mál og ekki ólíklegt að þegar þeir eru settir í aðstöðu til þess að fella dóma yfir hæstaréttardómurum fari þeir að giska, annaðhvort á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt. Ég vil því miklu frekar að hæstaréttardómarar gyrði sig í brók og dæmi í málinu okkar Karls heldur en fá tunglin litlu til þess að rembast við að varpa geislum þeirra. Markús, þetta er krafa af minni hendi sem er sjálfsagt að fara að vegna þess að ruðningurinn átti að vera til þess að verja mína hagsmuni. Ég lít hins vegar þannig á að mínum hagsmunum yrði betur borgið í þínum höndum og þinnar sveitar en þeirra sem reglulega lúta dómum ykkar.

Nú hef ég áhyggjur af því að þetta bréf mitt kunni að hafa minnkað svolítið gleði þína yfir því að hafa valið Karl í raðir ykkar hæstaréttardómara en það er í rauninni engin ástæða til þess. Hann er vafalaust slyngur lögfræðingur og sem slíkur gagnlegur réttinum. Sú staðreynd að hann vílaði ekki fyrir sér að ljúga fyrir rétti gæti meira að segja gagnast réttinum vegna þess að allir aðrir dómarar hans eru að mínu mati grandvarir og heiðarlegir menn sem eiga kannski erfitt með að setja sig í spor þeirra sem gera slíkt. Það verður ekki vandamál fyrir Karl.

Og þess utan er það að vissu leyti blessun fyrir okkur sem erum komin af léttasta skeiði að vita af Karli í Hæstarétti. Hann var nefnilega í hjúkrunarnámi á sínum tíma og gæti hafa endað sem starfsmaður Landspítalans sem er sá staður þar sem við gamla fólkið sækjum oft þjónustu. Ég hef til dæmis orðið að nýta mér hjálp hjúkrunarfræðinga þar upp á síðkastið sem hafa undantekningarlaust verið ótrúlega hlýir og notalegir, hæfir og gott fólk og hafa hlúð að mér þannig að mér finnst ég kominn á helgistað þegar ég kem inn á spítalann. Þú getur rétt ímyndað þér hvernig það hefði verið að hitta þar fyrir Karl Axelsson í hlutverki hjúkrunarfræðings. Hann er svo sannarlega betur geymdur í Hæstarétti. Hann gerir þá allavegana ekki annað af sér en að reyna að kveða upp mismunandi skrýtna dóma sem þið getið leiðrétt. Svei mér þá ef ég er ekki farinn að aðhyllast þá kenningu að það sé vakað yfir okkur.

Með vinsemd og virðingu
og í fullri alvöru,
Kári Stefánsson

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Markhönnun ehf

nettó

-40%
HAMBORGARHRYGGUR
FERSKUR
1.079
ÁÐUR 1.798 KR/KG

-48%
HEIL ÖND
FROSIN - 2,1 KG
998
ÁÐUR 1.899 KR/KG

-30%
LAMBAKÓTILETTUR
FORSTEIKTAR
1.854
ÁÐUR 2.648 KR/KG

-30%
KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR
1.749
ÁÐUR 2.498 KR/KG



SPERGILKÁL
ERLENT
328
ÁÐUR 656 KR/KG
-50%

-50%
BLÓMKÁL
ERLENT
299
ÁÐUR 598 KR/KG

FROSIN BLÁBER
225 G - GREAT TASTE
197
ÁÐUR 299 KR/PK
-34%

FROSIN JARÐABER
400 G - ALLETIDERS
198
ÁÐUR 279 KR/PK
-29%

X-TRA BIKSEMAD M/SKINKU
1 KG
498
ÁÐUR 598 KR/PK

Bakað á staðnum

JÓGÚRTBRAUÐ
550 G
349
ÁÐUR 498 KR/STK
-30%

-50%
KLEINUHRINGIR
USA
99
ÁÐUR 198 KR/STK

X-TRA KOSSAR
BLANDAÐIR - 280 G
199
ÁÐUR 249 KR/PK

Tilboðin gilda 22. okt – 25. okt 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Markhönnun ehf

nettó

-40%
HAMBORGARHRYGGUR
FERSKUR
1.079
ÁÐUR 1.798 KR/KG

-48%
HEIL ÖND
FROSIN - 2,1 KG
998
ÁÐUR 1.899 KR/KG

-30%
LAMBAKÓTILETTUR
FORSTEIKTAR
1.854
ÁÐUR 2.648 KR/KG

-30%
KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR
1.749
ÁÐUR 2.498 KR/KG



SPERGILKÁL
ERLENT
328
ÁÐUR 656 KR/KG
-50%

-50%
BLÓMKÁL
ERLENT
299
ÁÐUR 598 KR/K

FROSIN BLÁBER
225 G - GREAT TASTE
197
ÁÐUR 299 KR/PK
-34%

X-TRA BIKSEMAD M/SKINKU
1 KG
498
ÁÐUR 598 KR/PK

FROSIN JARÐABER
400 G - ALLETIDERS
198
ÁÐUR 279 KR/PK
-29%

JÓGÚRTBRAUÐ
550 G
349
ÁÐUR 498 KR/STK
-30%

-50%
KLEINUHRINGIR
USA
99
ÁÐUR 198 KR/STK

X-TRA KOSSAR
BLANDAÐIR - 280 G
199
ÁÐUR 249 KR/PK

Tilboðin gilda 22. okt – 25. okt 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Kanalausir Grindvíkingar á miklum skrið í Domino's-deild karla í körfu

Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson náði ekki þrennu þriðja leikinn í röð í gær en þessi skemmtilegi körfuboltamaður hitti úr 5 af 6 þriggja stiga skotum sínum í leiknum og hjálpaði Kanalausu Grindavíkurliði að vinna stórsigur á ÍR. Grindvíkingar urðu þar með fyrsta liðið til að vinna þrjá leiki í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjast

Domino's-deild karla í körfubolta

ÍR - Grindavík 79-94
Stigahæstir: Oddur Rúnar Kristjánsson 24, Hamid Dicko 13 - Jóhann Árni Ólafsson 20/11 frák./8 stoðs., Jón Axel Guðmundsson 19, Páll Axel Vilbergsson 18, Ómar Sævarsson 12/12 frák./5 stoðs.

Þór Þ. - Tindastóll 92-66
Stigahæstir: Vance Hall 24, Davíð Arnar Ágústsson 21, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 12/17 frák., Ragnar Örn Bragason 12 - Jerome Hill 13/10 frák., Darrel Lewis 11.

Stjarnan - FSu 91-87
Stigahæstir: Justin Shouse 29, Marvin Valdimarsson 20, Al'lonzo Coleman 19/11 frák. - Christopher Anderson 19, Hlynur Hreinsson 18, Ari Gylfason 16, Cristopher Caird 15/9 fráköst/5 stoðsendingar.

Þór var fyrsta liðið til að vinna Tindastól og Kanalausir Grindvíkingar eru áfram á skrið. Nýliðar FSu misstu enn á ný niður forystu í fjórða leikhluta.

Olís-deild karla í handbolta

Akureyri - ÍR 32-20
Markahæstir: H Heiðar Þór Aðalsteinsson 7/2, Halldór Logi Árnason 6, Kristján Orri Jóhannsson 5 - Bjarni Fritzson 6. Hreiðar Levý Guðmundsson varði 21 skot (55%).

Fram - FH 20-18
Markahæstir: Þorgrímur Smári Ólafsson 7, Ólafur Ægir Ólafsson 4, Óðinn Þór Ríkharðsson 3 - Hlynur Bjarnason 5, Ásbjörn Friðriksson 4.

Haukar - Víkingur 31-19
Markahæstir: Adam Haukur Baumruk 10, Janus Daði Smárason 8/2, Jón Þorbjörn Jóhannsson 6, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 5 - Karolis Stropus 10, Daníel Ingi Guðmundsson 5/1.

Efst		Neðst	
Valur	16	Grótta	6
Haukar	14	FH	6
Fram	12	Akureyri	6
ÍBV	12	Víkingur	2

SEXTUGASTI „EL CLASICO" HJÁ MAGNÚSI ÞÓR Í KVÖLD

Magnús Þór Gunnarsson verður í sviðsljósinu í kvöld þegar Njarðvík tekur á móti Keflavík í 3. umferð Domino's-deildar karla í körfubolta en Magnús hefur skorað 16,5 stig að meðaltali í tveimur sigurleikjum Keflavíkurliðsins. Magnús þekkir það betur en flestir að taka þátt í leik á móti erkifjendunum í Njarðvík og Keflavík en þetta verður sextugasti „El Clasico"-leikur hans í öllum keppnum á vegum KKÍ. Magnús hefur spilað 46 leiki með Keflavík á móti Njarðvík og 13 leiki með Njarðvík á móti Keflavík. Magnús hefur skorað 663 stig í leikjunum 59 eða 11,2 að meðaltali í leik en hann hefur þó bara fagnað sigri í 39 prósent þeirra (23 af 59).

Markaflóð í vatnaveröld

Stelpurnar okkar unnu auðveldan og sannfærandi sigur á Makedóníu í undankeppni EM 2017. Vallaraðstæður í Skopje voru óboðlegar en völlurinn sem spilað var á var líkari sundlaug en fótboltavelli. Margrét Lára skoraði tvö markanna.

FÓTBOLTI Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta afgreiddu leik sinn gegn Makedóníu í undankeppni EM 2017 í gær af mikilli fagmennsku. Þær létu óboðlegar vallaraðstæður ekkert á sig fá og afgreiddu lægst skrifaða lið Evrópu 4-0, með fjórum mörkum á fyrsta hálftímanum.

Völlurinn var rennblautur eftir mikla rigningu, en um var að ræða æfingavöll makedónska knattspyrnusambandsins. Nær ómögulegt var að senda boltann á milli manna víðsvegar á vellinum og var fótboltinn eftir því.

„Ég spyr mig að því hvort þessi leikur hefði hreinlega farið fram í karlafótbolta. Völlurinn drenaði ekki neitt og menn reyndu ekki einu sinni að skafa mestu pollana af vellinum. Því miður er kvennafótboltinn sumstaðar ekki kominn lengra en þetta," sagði Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið eftir leikinn.

Búið eftir hálftíma

Stelpurnar okkar þurftu að breyta leikáætlun sinni algjörlega þegar ljóst var að Makedóníumennirnir höfðu engan áhuga á að láta leikinn fara fram við boðlegar aðstæður. Í stað þess að láta boltann fljóta eins og liðið vill gera flaut hann í bókstaflegri merkingu í vatnaveröldinni í Skopje.

Beinskeyttar sóknir íslenska liðsins skiluðu fjórum mörkum á fyrsta hálftímanum, en Margrét Lára Viðarsdóttir var í miklum ham og skoraði tvö mörk. Það fyrsta og síðasta. Markadrottningin heldur áfram að sýna gæði sín og er nú búin að skora 74 mörk í 101 landsleik.

„Ég fann mig vel og hafði mjög gaman af þessu. Það er gott fyrir mig og mitt sjálfstraust að skora tvö mörk. Vonandi er þetta bara það sem koma skal hjá mér með landsliðinu," sagði Margrét Lára við Fréttablaðið eftir leikinn.

Þungt í þeim síðari

Þrátt fyrir mikla yfirburði á vellinum gat íslenska liðið ekki skorað mark í seinni hálfleik. Margrét Lára fékk tækifæri til að innsigla sína áttundu þrennu á landsliðsferlinum en varð að láta sér nægja tvennu númer átján.

„Þetta var ekki nægjanlega gott í seinni hálfleik. Við misstum aðeins dampinn og völlurinn var ein drulla. Það var erfitt að fóta sig og þetta bitnaði allt á betra liðinu í dag," sagði Margét Lára, en landsliðsþjálfarinn var líka ósáttur.

„Ég er óánægður með frammistöðuna. Til að fara úr því að vera gott lið í frábært lið verðum við að nýta færin betur. Við þurfum að finna lausnir á þessu þannig að það er bara vinna fram undan fyrir leikinn gegn Slóveníu," sagði Freyr.

Stelpurnar stökkva nú frá Skopje til Slóveníu þar sem þær eiga fyrir höndum á pappírnum leik gegn þriðja besta liðinu í riðlinum á eftir Skotlandi. Þetta er leikur sem þarf að vinnast. „Við erum bara spenntar fyrir þeim leik. Þar fáum við að spila á móti liði sem veitir okkur mótspyrnu sem er fínt því við höfum verið að spila á móti liðum sem hafa ekki haft mikinn áhuga á að mæta okkur á vellinum" sagði Margrét Lára um leikinn gegn Slóvenum.

„Það hentar okkur vel að spila á móti liðum sem koma hátt á okkur því þá opnast svæði sem vel skapandi lið eins og við með svona frábæra leikmenn getur nýtt. Við fögnum bara þeirri mótspyrnu. Við vitum að sá leikur verður erfiður en við ætlum inn í veturinn með níu stig," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir. **tomas@365.is**

Margét Lára skoraði landsliðsmörk númer 73 og 74 í Skopje

Margrét Lára komst aftur upp fyrir Lionel Messi

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk á móti Makedóníu í undankeppni EM í gær og er þar með samkvæmt tölfræði UEFA-manna búin að skora 81 mark í mótum á vegum sambandsins. Lionel Messi skoraði sitt 80. UEFA-mark og komst upp fyrir Margréti Láru í ágúst þegar Argentínumaðurinn skoraði tvö mörk fyrir Barcelona í Súper-bikar UEFA. Messi skoraði ekki í fyrsta Meistaradeildarleik Barcelona á leiktíðinni og hefur ekki tekið þátt í tveimur síðustu vegna meiðsla. Margrét Lára hefur skorað þetta 81 mark fyrir íslenska landsliðið og fyrir Val í Evrópukeppninni. Messi hefur bara skorað mörk sín fyrir Barcelona í Evrópukeppni því argentínska landsliðið tekur að sjálfsögðu ekki þátt í keppnum evrópska knattspyrnusambandsins.
Margrét Lára náði Frakkanum Thierry Henry í sjötta sæti listans með þessum tveimur mörkum. Margrét Lára á samt langt í land með að ná Cristiano Ronaldo sem er á toppi listans með 117 mörk en næstur fyrir ofan hana er nú Ítalinn Filippo Inzaghi sem skoraði á sínum tíma 86 UEFA-mörk.

Í dag

19.00	**Njarðvík - Keflavík**	**Sport**
22.00	**Körfuboltakvöld**	Sport
18.00	**Valur - ÍBV**	**Vodafonehöllin**
18.30	FH - Haukar	Kaplakriki
18.30	**Höttur - Snæfell**	**Egilsstaðir**
19.00	Stjarnan - Fjölnir	TM Höllin
19.15	Haukar - KR	Schenkerhöllin
18.00	**Njarðvík - Keflavík**	**Njarðvík**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

Iceland Photo Expo 2015
Ljósmyndaráðstefna verður haldin á Grand hóteli í Reykjavík í dag og á morgun. Boðið verður upp á fjölda áhugaverðra fyrirlestra frá innlendum og erlendum fyrirlesurum. Ráðstefnan er bæði ætluð fagfólki og áhugaljósmyndurum.
SÍÐA 2

HÚSMÓÐIRIN LEYNIST Í MÉR

FRAMANDI *Silja Dögg Gunnarsdóttir alþingismaður leggur mikið upp úr því að fjölskyldan borði saman kvöldverð þótt vinnudagar séu oft langir hjá henni. Hún hefur gaman af að prófa framandi rétti úr góðu íslensku hráefni.*

Silja segir að sér finnist gaman að elda þegar tími gefst. „Mér finnst alltaf gott að fá góðan mat. Ég og maðurinn minn, Þröstur Sigmundsson, eldum til skiptis eftir því hvort okkar hefur meiri tíma. Við viljum að fjölskyldan borði saman. Ég reyni að leggja meira upp úr matargerðinni um helgar. Ég fór á námskeið hjá Yesmine Olsson í indverskum mat en mér finnst indverskur matur mjög góður. Mér datt því í hug að gefa hér uppskrift að einum réttinum sem ég geri oft og börnunum finnst mjög góður. Ætli ég geri hann ekki bara um helgina," segir Silja. Hún á þrjú börn en tvö eru enn heima.

„Á köldum dögum finnst mér gott að fá kraftmikla súpu, gúllassúpu eða kjötsúpu. Á sumrin borða ég léttari mat. En framandi matur er í miklu uppáhaldi, bæði arabískur og indverskur. Það er svo gaman að gera matinn sjálfur frá grunni, til dæmis búa til mangó-chutney og naan-brauð," segir Silja. „Mér finnst gaman að prófa eitthvað nýtt. Þessi réttur er ekki of sterkur fyrir börnin en það má bæta chili við fyrir þá sem vilja það.

ÁHUGASÖM UM FRAMANDI MAT Silja Dögg Gunnarsdóttir alþingismaður er hrifin af framandi mat en með íslensku hráefni, eins og sönnum framsóknarmanni sæmir. MYND/PJETUR

LAMB KOFTA — INDVERSKAR KJÖTBOLLUR

ÞURRKRYDD:
2 tsk. cumin
2 tsk. kóríander
2 tsk. garam masala
1 tsk. chili-pipar
½ tsk. túrmerik
½ tsk. nýmulinn svartur pipar
1 tsk. sjávarsalt (eða eftir smekk)
800 g lamba-, nautahakk eða blanda af hvoru tveggja
2 msk. olía
2 meðalstórir laukar, fínt skornir
4 hvítlauksrif, fínt skorin
2 ½ cm ferskt engifer, rifið
25 g ferskt kóríander, fínt skorið
2 msk. möndlur, fínt skornar
½ dl besan (kjúklingabaunamjöl) (hér er hægt að nota 1-2 heilhveitibrauðsneiðar og ekki verra ef brauðið er þurrt)
2 msk. mangó-chutney
3 dl grísk jógúrt
2 dl vatn

Blandið öllu þurrkryddi saman í eina skál. Blandið hakki, hvítlauk, engifer, besan (brauði), kóríander, einni msk. olíu og helmingnum af þurrkryddinu saman í annarri skál. Setjið örlítið af olíu á hendurnar og mótið svo bollur úr hakkblöndunni. Hitið tvær msk. af olíu á pönnu og léttsteikið laukinn. Bætið afganginum af kryddblöndunni út á pönnuna. Hrærið vel svo kryddið brenni ekki. Setjið helminginn af jógúrtinni varlega á pönnuna ásamt möndlum, mangó-chutney og vatni. Fáið suðuna upp, en lækkið þá hitann og látið krauma í 5 mín. Setjið bollurnar varlega á pönnuna og látið steikjast á öllum hliðum í sósunni. Bætið því sem eftir er af jógúrtinni varlega út í. Setjið meira af jógúrt saman við ef þið viljið fá meiri sósu. Gott að bera fram með hrísgrjónum og salati. ■ **elin@365.is**

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

365.is
Sími 1817
365

FÁRÁNLEGA
FLOTTUR
PAKKI

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.*

Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.

SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

*20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma. Nánari upplýsingar á 365.is

GULL BYLGJAN

SPENNANDI „Okkur fannst nauðsynlega vanta eitthvað til að halda okkur við efnið hér á klakanum og gefa okkur smá innblástur fyrir komandi ár," segir Heiða Helgadóttir sem situr í undirbúningsnefnd Iceland Photo Expo 2015. MYND/VILHELM

INNBLÁSTUR FYRIR KOMANDI ÁR

LJÓSMYNDARÁÐSTEFNA *Iceland Photo Expo 2015 hefst í dag og lýkur á morgun, laugardag. Ráðstefnan er ætluð öllu áhugafólki um ljósmyndun, bæði fagfólki og áhugaljósmyndurum. Fjöldi fyrirlesara heldur fróðleg erindi.*

Blaðaljósmyndarafélag Íslands og Ljósmyndarafélag Íslands standa fyrir ráðstefnu í dag og á morgun, laugardag, á Grand hóteli í Reykjavík undir nafninu Iceland Photo Expo 2015. Boðið verður upp á fjölda áhugaverðra fyrirlestra frá innlendum og erlendum fyrirlesurum og er ráðstefnan ætluð öllu áhugafólki um ljósmyndun, bæði fagfólki en ekki síður hinum almenna áhugaljósmyndara.

Ein þeirra sem sitja í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar er ljósmyndarinn Heiða Helgudóttir. Hún segir löngu kominn tíma á slíka ráðstefnu en félögin tvö hafa aldrei staðið áður sameiginlega fyrir slíkum viðburði. „Félögin tvö tóku höndum saman og ákváðu að það væri kominn tími til að láta á það reyna hvort hægt væri að halda svona ráðstefnu hérna á Íslandi. Okkur fannst nauðsynlega vanta eitthvað til að halda okkur við efnið hér á klakanum og gefa okkur smá innblástur fyrir komandi ár."

FJÖLDI FYRIRLESTRA

Boðið verður upp á sextán fyrirlestra í þremur sölum hótelsins með bæði erlendum og innlendum fyrirlesurum og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og því sem tengist áhugasviði þeirra að sögn Heiðu. „Það verður meðal annars fjallað um fréttaljósmyndun, brúðkaupsljósmyndun, landslagsljósmyndun, ljósmyndabækur, ljósmyndagræjur og margt annað áhugavert fyrir bæði fagfólk og áhugamenn."

Einn helsti fyrirlesari Iceland Photo Expo er Daninn Mads Nissen sem vann World Press Photo í ár en hann verður með opnunarfyrirlestur í kvöld. „Einnig má nefna ítalska ljósmyndarann Gianluca Colla sem er hluti af National Geographic teyminu og David Noton, Canon ambassador. RAX mun fjalla um samfélagsbyrgð ljósmyndara og gefa dæmi um vöktun umhverfis okkar og Páll Stefánsson mun fjalla um nýtt efni tengt flóttamönnum. Svo erum við auðvitað með fullt af öðrum íslenskum ljósmyndurum sem allir eru að gera eitthvað spennandi."

SÍBREYTILEG GREIN

Samhliða ráðstefnunni verður haldin sýning á Grand hóteli þar sem fyrirtækjum gefst einstakt tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu fyrir stórum hópi atvinnu- og áhugaljósmyndara. „Markmið okkar er að kynna allt það helsta sem er í boði, hvort sem er í búnaði, prentþjónustu eða annarri þjónustu fyrir ljósmyndara. Þannig höfum við búið til vettvang fyrir þá sem þjónusta ljósmyndara til að koma saman og sýna sig og þjónustu sína."

VERÐLAUNAMYNDIN Mads Nissen átti vinningsmyndina á World Press Photo í ár. Hann heldur fyrirlestur í kvöld. MYND/MADS NISSEN

FALLEG STUND Styrmir og Heiðdís eru höfundar þessarar fallegu brúðkaupsmyndar en þau munu tala um brúðkaupsljósmyndun á ráðstefnunni. MYND/STYRMIR OG HEIÐDÍS

Margt hefur breyst í heimi ljósmyndunar undanfarinn áratug. „Nú eru t.d. mun fleiri tækifæri fyrir fólk en áður að sýna eigin myndir því allir geta sett upp eigin heimasíðu og sett inn myndir á samfélagsmiðlum. Mun fleiri taka myndir núna en áður þar sem þetta er allt orðið auðveldara og það eru margir að gera góða hluti. Ég held að það sé bara gott mál, þá fara gæðin vaxandi og fólk þarf að vera á tánum og vera sífellt að endurnæra áhugann svo það staðni ekki og geri þetta að færibandavinnu. Þá er nú aldeilis sniðugt að skella sér á Iceland Photo Expo og fá innblástur."

Stefnt er að því að halda ráðstefnuna á tveggja ára fresti hér eftir. Nánari upplýsingar og dagskrá má finna á www.ljosmyndarafelag.is og miðar eru seldir á midi.is. Aðgangseyrir er 12.000 kr. og flest stéttarfélög niðurgreiða miðann.

Á TÁNUM

„Fólk þarf að vera á tánum og vera sífellt að endurnæra áhugann svo það staðni ekki og geri þetta að færibandavinnu. Þá er nú aldeilis sniðugt að skella sér á Iceland Photo Expo og fá innblástur."

Lífið

FÖSTUDAGUR
23. OKTÓBER 2015

Nanna Árnadóttir íþróttafræðingur
GÓÐ RÁÐ VIÐ GRINDARGLIÐNUN Á MEÐGÖNGU 4

Eva Laufey Kjaran dagskrárgerðarkona
HOLLUR OG GÓÐUR LAX OG MÚSLÍKAKA 8

Tíska og trend í höfuðskarti
PRINSESSUR OG KÓRÓNUR ERU MÁLIÐ 10

GUÐRÚN MARTEINSDÓTTIR

ÞETTA VAR SVO MIKLU ALVARLEGRA EN MIG GRUNAÐI

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

LYFTUM LÓÐUM



Hrefna Sætran er kokkur með meiru sem vílar ekki fyrir sér að taka vel á því í líkamsræktarstöðinni Mjölni. Henni finnst best að ryna vel á sig og endurspeglar lagalistinn vel að nú skal taka á því af öllum lífs og sálarkröftum.

- **WINDOWLICKER** *APHEX TWIN*
- **STREAMLINE** *PENDULUM*
- **SMACK MY BITCH UP** *PRODIGY*
- **ELEPHANT** *TAME IMPALA*
- **BAD GIRLS** *M.I.A*
- **ALL MY FRIENDS** *LCD SOUNDSYSTEM*
- **C.R.E.A.M.** *WU TANG CLAN*
- **BOMBS OVER BAGHDAD** *OUTKAST*
- **GALVANIZE** *THE CHEMICAL BROTHERS*
- **SERVE THE SERVANTS** *NIRVANA*

FERÐIN FRAM Á VIÐ HEFST MEÐ LEIÐINNI INN Á VIÐ

Friðrika Hjördís Geirsdóttir
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Stress og streita er Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur hugleikið og vinnur hún hörðum höndum að því að gera fólki grein fyrir þessu samfélagslega meini sem hrjáir okkur öll á einhverjum tímapunkti í lífinu. „Við erum öll með óáþreifanlegan hlekk sem kallast andleg heilsa. Kynslóðin sem við erum komin af í dag hefur farið í gegnum lífið á hnefanum og lítið leitað til sérfræðinga nema með sjáanleg meiðsli. Kvillar eins og höfuðverkir, stoðkerfisvandamál eins og bakverkir hafa verið viðurkennt vandamál en þá má oft á tíðum rekja til andlegs álags og streitu," segir Ragnheiður og bætir við að streita sé umtöluð en almennt er talað um hana sem hugtak án þess að fólk átti sig á því hvað hún sé í raun og veru. „Við þurfum öll að taka ábyrgð á eigin líðan og hætta að láta allt í umhverfinu stjórna því hvernig okkur líður frá degi til dags. Við höfum alltaf val um hvað við getum gert í stöðunni. Enginn nema við sjálf stjórnum því hvernig við bregðumst við aðstæðum, hvað við segjum við aðra eða túlkum það sem aðrir segja við okkur."

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Í nóvember stendur Ragnheiður, í samstarfi við Streituskólann og Endurmenntun Háskóla Íslands, fyrir námskeiði um streitu, þau áhrif sem hún hefur á líf okkar og hvernig við getum bætt um betur. „Undanfarin ár hef ég verið að vinna með Streituskólanum en hann er einn af þjónustuleiðum Forvarna. Þar hjálpum við einstaklingum að tækla andlega og félagslega vanlíðan í starfi og einkalífi. Við viljum helst vinna í fyrirbyggjandi aðgerðum og hvetjum fólk til þess að grípa inn í ferlið áður en að það verður að vandamáli en helsta forvörnin er sú að fólk opni augun og verði meðvitað um eigin líðan," segir Ragnheiður.

> „Kvillar eins og höfuðverkir, stoðkerfisvandamál eins og bakverkir hafa verið viðurkennt vandamál en þá má oft á tíðum rekja til andlegs álags og streitu."

Við berum ábyrgð

Á námskeiðinu verða þátttakendur fræddir almennt um streitu, hvað hún sé, af hverju hún sé orðin svo algeng og hversu alvarleg hún getur orðið. Í kjölfarið verður farið yfir streitustjórnun og fólki hjálpað að kortleggja eigin streituvalda. „Við áttum okkur kannski ekki alltaf á því að streita getur verið af ýmsum toga, bæði utanaðkomandi eins og veikindi og vinnuálag en einnig innri streituvaldar. Þessir sem kenndir eru við innri streituvalda eru til dæmis viðhorf til lífsins almennt, sýn og svo túlkun. Við erum oft að búa til okkar eigin vandamál og eigum það til að liggja yfir því hvort þetta eða hitt gæti gerst í framtíðinni, nú eða festumst í fortíðinni. Við eigum það líka til að kenna öðrum um okkar eigin vanlíðan og streitu en í rauninni þurfum við sjálf að taka ábyrgð á eigin líðan," segir Ragnheiður. Námskeiðið er öllum opið og eru þeir sem finna fyrir álagi eða streitu eða vilja efla forvarnir og geðheilsu hvattir til þess að mæta.

LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

MATSEÐLI VIKUNNAR

Á hverjum einasta degi veltir heimilisfólk því fyrir sér hvað skuli hafa í kvöldmatinn. Það er til lausn á þeim höfuðverk sem bæði sparar tíma og peninga. Lausnin felst í að gera matseðil fyrir vikuna. Hægt er að skipuleggja vikuna fram undan á sunnudegi og einnig sjá um innkaupin þá. Þegar matseðillinn er teiknaður upp er hægt að samnýta rétti frá deginum áður og fá betri yfirsýn yfir það hvaða matvæli eru til og hvernig þurfi að nýta þau. Matarsóun er bæði óumhverfisvæn og kostnaðarsöm fyrir heimili en með smá skipulagningu þá þarf sóun ekki að vera vandamál. Til að auðvelda málin enn frekar getur verið gott að festa ákveðna rétti við ákveðinn vikudag líkt og að á mánudögum sé súpa, þriðjudögum pasta, miðvikudögum fiskur og þar fram eftir götunum.

Lífið
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Vilhelm Gunnarsson**
Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is

Tvær helstu nýjungarnar frá Kötlu. Annars vegar tilbúið smákökudeig sem verður fáanlegt í sex bragðtegundum og hins vegar pakki af glassúrbrúsum í fimm litum.
MYND/VILHELM

Bökunarvörurnar frá Kötlu eru hluti af íslenskri bökunarhefð.

SKEMMTILEGAR NÝJUNGAR FRÁ KÖTLU

Vörurnar frá Kötlu eru löngu orðnar fastur liður í jólahaldi Íslendinga og munu án efa verða um ókomna tíð. Sex tegundir af tilbúnu smákökudeigi og fimm glassúrbrúsar í einum pakka eru helstu nýjungarnar frá Kötlu sem líta dagsins ljós nú fyrir jólin.

Katla er virðuleg frú enda komin á sjötugsaldurinn. „Katla var stofnuð árið 1954. Almenningur þekkir hvað best neytendavörur okkar sem fást í matvöruverslunum en þær eru þó aðeins þriðjungur af umfangi fyrirtækisins. Að stærstum hluta erum við hjálparefnaframleiðendur fyrir matvælaiðnaðinn í landinu, það er bakarí, kjöt- og fiskvinnslur,“ segir Tryggvi Magnússon, forstjóri Kötlu.

Smákökur í einum grænum

„Við leggjum áherslu á stöðuga vöruþróun hvort sem hún snýr að uppskriftum eða nýjum afurðum,“ segir Tryggvi. Hann nefnir sem dæmi tilbúið smákökudeig sem kom á markað í fyrra. „Þá vorum við með þrjár bragðtegundir og vegna þess hve þeim var vel tekið var ákveðið að bæta í og bjóða upp á sex í ár,“ segir Tryggvi en tegundirnar eru; piparkökur, hvít súkkulaðibitakökur með hvítu eða dökku súkkulaði, hafrakökur, engiferkökur og lakkrísbitakökur.

Jólastemningin myndast á örskotsstundu með hjálp Kötlu. „Þú tekur eina deiglengju, skerð hana niður með hníf, skellir á plötu í ofn, bíður í tíu mínútur og heimilið fyllist af indælum ilmi.“

Mikið seldist af deiginu í fyrra. „Við teljum að gróft talið hafi verið bakaðar 600 þúsund smákökur úr því deigi sem seldist, það eru um tvær kökur á hvern Íslending,“ upplýsir Tryggvi.

Auðveld piparkökuskreyting

Glassúrinn frá Kötlu hefur verið á markaði í fimm ár. „Hann hefur þróast mikið á þessum tíma enda áttuðum við okkur á því að það er flóknara en við héldum að búa til góðan glassúr. Hann átti það til að skilja sig en við höfum nú komist fyrir það vandamál,“ segir Tryggvi. Í tilefni af þeirri þróun hefur pakkningum glassúrsins verið breytt. „Við erum nú annars vegar með staka brúsa og hins vegar verðum við með litakassa sem líkist helst vaxlitakössunum klassísku.“

Tryggvi Magnússon, forstjóri Kötlu, með þrjár af sex smákökutegundum sem fást í verslunum fyrir jólin.

Fimm glassúrlitir eru í boði og mikið selst af þeim, sér í lagi fyrir jólin. „Það er orðin svo mikil hefð hjá fólki að skreyta piparkökur. Sérstaklega hafa krakkar gaman af og fyrir þau er mun auðveldara að nota glassúr í brúsum. Einnig hefur færst töluvert í aukana að leikskólar, fyrirtæki og starfsmannahópar taki sig saman og haldi piparkökuskreytingarkvöld sem er skemmtileg samverustund.“

Hluti af íslenskri bökunarhefð

Katla býður einnig upp á aðrar klassískar vörur á borð við kakó, lyftiduft, púðursykur, flórsykur og kökudropa. „Í dropunum eru sjö mismunandi bragðtegundir. Þessar gömlu góðu vanillu, kardemommu, möndlu og sítrónu. En síðustu ár hefur stöðugt verið að aukast notkun á öðrum gerðum á borð við romm- , appelsínu- og piparmyntudropa,“ segir Tryggvi og bendir á að fólk sé duglegt að nota slíka dropa í konfektgerð fyrir jólin.

Katla skipar ríkan sess á íslenskum markaði en ekki síður í hugum fólks að mati Tryggva. „Við erum þakklát fyrir hve íslenska þjóðin hefur staðið með merkinu okkar. Við fundum það sérstaklega eftir hrun að fólk leitaði í upprunann og við höfum notið góðs af því að vera með efnið í gömlu uppskriftirnar sem Íslendingar þekkja og líkar við.“

Heilsuvísir

GRINDARGLIÐNUN – HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Nanna Árnadóttir
íþróttafræðingur

Ég hef oft hugsað af hverju í ósköpunum sumar konur þurfi að finna svona mikið fyrir þeim meðgöngum sem þær ganga í gegnum, þetta er það sem við vorum gerðar til þess að gera, ekki satt? Konur ættu að vera gerðar til þess að fjölga sér en samt virðast sumar konur þurfa að ganga í gegnum ansi mikið til þess að koma nýju barni í heiminn.

Hvers vegna grindargliðnun?

Grindargliðnun er einn af þessum stórskemmtilegu fylgikvillum sem margar konur upplifa á meðgöngunni. Þegar konur verða ófrískar byrjar líkaminn strax að undirbúa sig fyrir meðgönguna og fæðinguna. Eitt af því sem gerist er að hormónið relaxín byrjar að flæða um líkamann sem verður til þess að það slaknar á liðböndunum til þess að koma fóstrinu almennilega fyrir í grindinni og víkka fæðingarveginn fyrir fæðinguna. Sumar konur finna lítið sem ekkert fyrir þessu, aðrar finna töluvert mikið fyrir verkjum og enn aðrar eru nánast rúmliggjandi og þurfa að nota hjólastól eða hækjur til þess að komast á milli staða. Svona erum við mismunandi og nánast engin leið að segja til um fyrirfram hvernig líkaminn tekur þessum breytingum.

Einkenni grindargliðnunar

Oftast er talað um grindargliðnun ef kona upplifir mikla verki framanvert í lífbeini og/eða aftan í spjaldhrygg. Verkirnir geta einnig leitt niður í annan hvorn fótinn, niður í nárann, rassvöðvana og mjaðmirnar og geta komið fram annað hvort báðum eða öðrum megin í líkamanum. Verkirnir eru yfirleitt tengdir álagi og geta því verið breytilegir eftir því hvað konan hefur verið að gera dag hvern. Það sem gerir konum oft erfitt fyrir við að greina við hvaða álag verkirnir koma er að verkirnir koma eftir álagið, ekki á meðan á því stendur og því mikilvægt að konur reyni að fyrirbyggja verki að sem mestu leyti þegar þeir byrja að koma fram.

Hvað er til ráða?

Þegar konur byrja að finna fyrir grindarverkjum þarf strax að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða. Fyrst og fremst þarf að passa vel upp á líkamsbeitingu og líkamsstöðu og þar koma grindarbotnsæfingar sterkar inn til þess að ná að halda grindinni og mjóbakinu beinu í hinum ýmsu stöðum. Eftir því sem kúlan stækkar þá breytist jafnvægispunktur líkamans og konur byrja oft að beita sér öðruvísi sem getur leitt til verkja. Gott er að sofa með snúningslak vegna þess að konur eru yfirleitt ekki meðvitaðar um líkamsstöðu sína í svefni en lakið gerir þeim auðveldara fyrir að snúa sér. Einnig er gott er að sofa með púða milli fótanna til þess að halda mjaðmagrindinni beinni og það að krossleggja fætur getur gert illt verra. Passa þarf upp á allar hreyfingar þar sem fæturnir eru ekki í jafnri stöðu. Það eitt að þurfa að ganga upp stiga getur t.d. reynst konu með grindargliðnun mjög erfitt og gæti hún þurft að taka eitt skref í einu. Sjúkraþjálfun getur oft reynst mjög hjálpleg til þess að létta á verkjum og leiðrétta líkamsstöðu og ég mæli hiklaust með því fyrir þær konur sem upplifa verki í grindinni á meðgöngu.

Þegar konur byrja að finna fyrir grindarverkjum þarf strax að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða.

Ég hef sjálf upplifað ansi slæma grindargliðnun. Síðasta meðganga gekk vægast sagt illa og ég byrjaði mjög snemma að finna fyrir verkjum sem ágerðust bara eftir því sem leið á meðgönguna. Eftir að ég var búin að eiga var ég þó mjög heppin og hún gekk tiltölulega fljótt til baka. Ég setti mér það markmið að styrkja líkamann mjög vel fyrir næstu meðgöngu og tókst mér að gera það. Nú er ég aftur orðin ólétt og á rúma þrjá mánuði eftir af þessari meðgöngu. Ég verð að segja að ég held að það eitt að ég sé sterkari hafi haft mikið að segja með að ég sé ekki jafn slæm og síðast, en ég hafði einmitt bara heyrt hryllingssögur af konum sem urðu bara verri og verri eftir því sem meðgöngunum fjölgaði. Ég er þó ekki alveg sloppin, ég finn oft mikið til og þá sérstaklega í spjaldhryggnum. Það eru ýmsar hreyfingar sem eru orðnar mjög erfiðar en ég er reynslunni ríkari í þetta skiptið, ég kann að beita mér rétt og minnka líkurnar á verkjunum. Ég finn líka að það eitt að geta mætt í ræktina og hreyft mig eitthvað smá, þó svo að það sé ekki alltaf mikið, og jafnvel farið í pottinn eftir á gerir helling fyrir mig.

Elsku óléttu konur, gangi ykkur vel og munið bara að þetta gengur yfir!

DROPINN HOLAR STEININN

Sigga Dögg
blaðamaður
siggadogg@365.is

Það er núna í seinni tíð sem ég finn að hugarfar mitt hefur breyst, sérstaklega þegar kemur að breyttum og bættum lifnaðarháttum. Nú er ég ekki að tala um að fara út að skokka eða detta í ræktina (það hefur enn ekki gerst nein vitundarvakning þar hjá mér, kemur kannski á fimmtugsaldrinum). Ég er að tala um umhverfisvitund, neyslu, mengun og skaðleg efni. Þessi umræða hefur vaxið og fyrir það er ég þakklát því ég finn hversu margt hefur breyst hjá mér sjálfri og það er gott að geta rætt þær hugmyndir við fleiri, en ekki bara verið skrýtin.

Bandaríkin, himnaríki óþarfans

Spólum tíu ár aftur í tímann. Hin rúmlega tvítuga ég fór að lágmarki í eina góða verslunarferð til fyrirheitna landsins Ameríku á ári hverju og birgði mig upp af ilmkertum og ofursápum frá Bath&Bodyworks og ilmspreyjum frá Victoria's Secret. Ég keypti alls kyns amerískar sukkkræsingar stútfullar af gerviefnum, litarefnum, sykri og örugglega sagi eða krömdum pöddum, eða einhverju álíka fáránlegu. Eins og góðum Íslendingi sæmdi þá tróð ég út innkaupapoka frá H&M og Forever21 og trúði ekki verðmiðanum og magninu sem ég gat fengið fyrir nokkra skitna þúsundkalla. Svo ég tali nú ekki um Kmart og Walmart. Ég þurfti að signa mig þegar ég skrifaði þetta. Það skipti mig engu þótt fötin væru léleg og ég með kaldan svita heilu og hálfu dagana, þetta lúkkaði svo vel, kostaði ekki neitt og ég alltaf í nýrri tískutusku. Allir vinna, ekki satt?

Ást vs. neysla

Svo hitti ég dreng og við rugluðum saman reytum okkar. Í fyrstu ferðinni okkar til Ameríkunnar minnar rölti ég með stóískri yfirvegun fram hjá ilmandi búðum og þóttist bara aðeins ætla að kíkja. Tíu þúsund krónum og tuttugu sápum seinna kom ég út. Þetta var nefnilega allt á tilboði! Minn maður svitnaði yfir tilhugsuninni um yfirvigtina sem þetta myndi kosta úti á flugvelli fyrir utan hversu fyrirferðarmikið þetta væri.

Þegar verslunarbrjálæðið rann af manni þá mundi ég ekki eftir helmingnum af því sem ég hafði keypt. Það skipti svo sem engu máli því þetta kostað allt skít og kanil!

Ógeð á neyslumynstrum

Svo eltist ég. Ferðirnar breyttust og nú snerust þær minna um að versla og meira um að sjá, skoða og upplifa. Samt læddist alltaf smá með heim í töskunni. Það var svo í eitt skipti sem mér leiddist á salerninu og las aftan á miðann á fína ilmkertinu mínu og fékk sjokk. Hvaða drasl er þetta allt saman? Hvaða drasl er ég að bera á líkama minn, oft á dag, alla daga? Og svo anda ég þessu að mér líka? Því næst fengu krem, sjampó og sprey að fjúka. Gleymdu þessum pakkakökum og tilbúnu sósum í eldhúsinu, hversu flókið er að henda saman þremur hráefnum?

Ég fékk gersamlega nóg. Ég gat ekki haldið áfram að láta eins og mín neysla kæmi umhverfinu ekki við eða að það sem ég setti á mig hefði ekki áhrif á líkama minn. Ég fór að grandskoða umhverfi mitt og ég varð reið. Pappamálið utan um kaffibollann, plastpokinn utan um litla vöru, 20 grömm af sykri í sérumbúðum, plasthrærur, plast utan um plast utan um plast og allt í ruslið.

Okkar neysla skilur eftir sig spor, bæði í nærumhverfi og því sem er fjær, bæði fyrir þig og aðra, í samtíðinni og í framtíðinni. Nú er tími til að vakna.

Neysla skilur eftir sig spor, bæði í nærumhverfi og því sem er fjær, bæði fyrir þig og aðra í samtíðinni og í framtíðinni. Nú er tími til að vakna.

Það var svo í eitt skipti sem mér leiddist á salerninu og las aftan á miðann á fína ilmkertinu mínu og fékk sjokk. Hvaða drasl er þetta allt saman? Hvaða drasl er ég að bera á líkama minn, oft á dag, alla daga? Og svo anda ég þessu að mér líka?

Losnaði við verki og bólgur á 3 vikum

„Núna hef ég tíma til annarra og betri hluta og nýt þess að vera til.“

Ásdís Ómarsdóttir þjáðist af verkjum vegna vefjagigtar í 14 ár og var hjá sjúkraþjálfara reglulega. Með Lifestream AstaZan losnaði hún við festumein, bólgur og verki. Hún þakkar AstaZan betri líðan, betri svefn og meira úthald sem skapar fleiri gæðastundir með fjölskyldunni.

- Lagar og fyrirbyggir bólgur, stirðleika og eymsli.
- Eykur styrk, hreyfigetu og endurheimt.
- Styrkir húðina í sól og vetrarkulda.



Astaxanthin, 4mg
Lutein, 4mg
Lífrænt E-vítamín, 10mg

Ritrýndar læknarannsóknir hafa birst í fagtímaritum sem sýna fram á virkni innhaldsefna*

Sjúkraþjálfarar og íþróttafólk
mæla með AstaZan frá Lifestream

* T.d.: Astaxanthin, oxidative stress, inflammation and cardiovascular dise. Pub. Future Cardiol. 2009 Jul;5(4). Effect of astaxanthin supplementation on muscle damage and oxidative stress. Pub J Sports Med Phys Fitness. 2012 Aug;52(4).

Umboðsaðili: Celsus
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup og Fríhöfninni.

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

LÍKAMINN TEKUR UPP MARGT SEM SETT ER Á HÚÐINA

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Friðrika Hjördís Geirsdóttir
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Nýlega kom á markað lífræn íslensk húðvörulína sem líffræðingurinn og prófessorinn Guðrún Marteinsdóttir stendur á bakvið. Hún segist hafa fundið sig knúna til að búa til þessa vörulínu þar sem hún fann hvergi húðvörur sem henni hentuðu og voru þar að auki án rotvarnarefna og allra eiturefna. En hver er Guðrún Marteinsdóttir og hvernig verður ein lítil hugmynd að húðvörulínu?

„Ég ætlaði mér aldrei að fara í fiskifræði heldur hafði ég áhuga á að fara í listnám. Ég var búin með hluta af námi í líffræði í Háskóla Íslands þegar ég kynntist manninum mínum en hann var á leið í nám til Bandaríkjanna," segir Guðrún. Eftir stutta umhugsun ákvað hún að elta manninn sinn til New Jersey og sótti þar um inngöngu í listnám.

„Ég var búin að finna listaskóla, Mason Cross School of Art, sem mér leist vel á og undirbjó öll þau gögn sem þurfti, þetta var á þeim tíma sem tölvur voru ekki við lýði. Við þurftum að fá námslán og ég skrifaði LÍN bréf til að athuga hvort það væri ekki í lagi að ég skipti um námssvið en fékk þau svör að það væri ekki svo."

Guðrún stóð þarna á tímamótum og sá fram á að leggja listnámið á hilluna og halda áfram á þeirri braut sem hún hafði valið sér, líffræði. „Það verður til þess að ég tek meistara- og doktorspróf í fiskifræði sem verður svo mitt lífsstarf, það var sem sagt Lánasjóður íslenskra námsmanna sem tók ákvörðun um mína framtíð," segir Guðrún og hlær.

Eftir að Guðrún flutti heim á ný setti hún upp rannsóknarstofu í erfðafræði fyrir Veiðimálastofnun og hóf svo störf hjá Hafrannsóknarstofnun þar sem hún vann í tíu ár. „Ég hef mikið verið að rannsaka þorskinn og hvernig best er að viðhalda stofninum og kenni þau fræði í Háskóla Ísland þar sem ég starfa sem prófessor í dag."

Þrátt fyrir að Guðrún hafi ekki fetað listabrautina finnur hún sig knúna til að skapa og vinna með höndunum. „Meðfram námi og vinnu hef ég alltaf verið að búa eitthvað til og á lager af öllu sem tengist listsköpun. Ég á til að mynda allt til olíumálningar, vatnslitamálningar, útskurðar og silkimálningar, ég hef mikla þörf fyrir að eiga það sem þarf til að skapa og kannski tengist þetta því sem ég er að fást við í dag á vissan hátt."

Ástandið alvarlegt

Fyrir um áratug fór Guðrún alvarlega að huga að innihaldsefnum í andlitskremum enda mikil umræða í heiminum um alls kyns óæskileg efni sem sum hver voru jafnvel talin geta stuðlað að krabbameini og hormónatengdum sjúkdómum.

„Þarna var ég nýorðin fimmtug og farin að sjá breytingar á andlitinu eins og gerist við eðlilega öldrun en átti erfitt með að finna andlitskrem sem hentuðu þar sem ég er með viðkvæma húð. Ég þoldi hreinlega ekkert sem var í boði á þessum tíma."

Allir velkomnir
http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Laufengi 88
íbúð 202
OPIÐ HÚS
laugardaginn 24 okt. kl.13:00-14:00
Falleg þriggja herbergja íbúð
á annarri hæð, 85,8 m²
Gott flæði og góð nýting á plássi
Tengi fyrir þvottavél á baði
Svalir eftir endilangri stofunni til suðurs
Dýrahald leyfileg
Verð: 27,5 millj.

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is
FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur er meðal frummælenda á málþinginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Málþing um Milan Kundera

Málþing um verk Milans Kundera verður haldið á laugardaginn í stofu 101 í Odda. Frummælendur eru Jón Karl Helgason, prófessor í íslenskum bókmenntum síðari alda, Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur og Torfi H. Tulinius, prófessor í íslenskum miðaldafræðum.

Milan Kundera er tékknesk-franskur. Hann á að baki langan og glæsilegan rithöfundarferil og verk hans hafa verið gefin út á um 50 tungumálum, þar á meðal íslensku.

Sérstakur gestur málþingsins er François Ricard, háskólakennari við McGill-háskóla í Montréal í Kanada, sem hefur skrifað fjölda greina og bóka um Kundera, Friðrik Rafnsson þýðandi ræðir við hann. Í lokin mun Auður Aðalsteinsdóttir, bókmenntafræðingur og ritstjóri Hugrásar, hefja almennar umræður

Ástráður Eysteinsson, forseti Hugvísindasviðs HÍ, stjórnar málþinginu sem haldið er af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Forlaginu. Það stendur frá 14 til 17. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir myndlistarmaður er meðal sýnenda.

Tilfinningar og gáski

Sýningin Mörk verður opnuð í Listasafni Árnesinga við Austurmörk í Hveragerði á laugardaginn, 24. október. Þar verða verk eftir myndlistarmennina Eygló Harðardóttur, Jónu Hlíf Halldórsdóttur, Karlottu Blöndal og Ólöfu Helgu Helgadóttur.

Eygló höfðar til tilfinninga í sínum verkum með litum og formgerð, Jóna Hlíf vinnur með beinskeyttar samfélagslegar tilvísanir, Karlotta leggur fram óræð, stór vatnslitaverk og Ólöf Helga gæðir verk sín gáska. Verkin, sem ýmist eru tvívíð eða þrívíð, skapa visst samhengi sín á milli.

Sýningin verður opnuð klukkan 14 en safnið er opið fimmtudaga til sunnudaga frá 12 til 18 og aðgangur er ókeypis. **– gun**

Sinfónían á ferðinni landshorna á milli með laumufarþega

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum dagana 26. til 29. október. Hljómsveitarstjórinn og tónskáldið Daníel Bjarnason stjórnar meðal annars eigin verki, Blow Bright, og klarínettukonsert Mozarts er meðal efnis á dagskránni í flutningi Arngunnar Árnadóttur. Tónleikunum lýkur á fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíjs.

„Ferðin er umfangsmesta verkefni vetrarins en við erum í samstarfi við Flugfélag Íslands og því tekst okkur að fara landshorna á milli á fáum dögum og hitta fólk á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Það er dýrmætt," segir Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníunnar. Hún segir tónleikaferðir hafa verið reglulegan þátt í starfsemi sveitarinnar en þeim hafi fækkað eftir hrun þar sem þyngra hafi verið undir fæti. „Nú er landið að rísa og við að fá byr undir vængi. Það er mikilvægt," segir Arna og kveðst hlakka til ferðarinnar.

Í för með hljómsveitinni verður músin knáa Maxímús Músíkús og ævintýrið um hana flutt á skóla- og barnatónleikum á Ísafirði og Egilsstöðum. Valur Freyr Einarsson leikari er sögumaður og höfundurinn, Hallfríður Ólafsdóttir, stjórnar sveitinni.

„Maxi hefur gert þetta áður að lauma sér með okkur, til dæmis til Washington, þar kom hann fram í Kennedy Center," segir Arna Kristín.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir velkomnir. **-gun**

„Ferðin er umfangsmesta verkefni vetrarins," segir Arna Kristín.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir

Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, ópol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn
- lægra verð





Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

23. OKTÓBER 2015

Uppistand

Hvað? Opnunarhátíð Reykjavík Comedy Festival
Hvenær? 20.00
Hvar? Silfurberg, Harpa
Hátíðina setja einungis íslenskir grínistar, gamalreyndir og þjóðþekktir ásamt nýju hæfileikafólki. Reykjavík Comedy Festival stendur til 30. október næstkomandi. Á sýningunni koma fram þau Ólafía Hrönn, Laddi, Helga Braga, Snjólaug Lúðvíksdóttir, Edda Björgvinsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson auk fleiri. Miðaverð á opnunarhátíðina er 2.990 krónur.

Hvað? Orðið er laust
Hvenær? 23.00
Hvar? Silfurberg, Harpa
Íslensk útgáfa af Open mic.

Hljómsveitin Dúndurfréttir spilar á Græna hattinum í kvöld.

Kvöldin eru ætluð fyrir byrjendur og lengra komna sem vilja prófa og fínpússa efni. Kynnir kvöldsins er Jóhannes Haukur Jóhannesson. Átta uppistandarar koma fram en þeir voru valdir af valnefnd skipaðri af Jóhannesi Hauki, Bylgju Babýlóns, Rúnari Frey Gíslasyni og Snjólaugu Lúðvíksdóttur eftir að hafa sent inn myndbönd. Miðaverð er 990 krónur og aldurstakmark 20 ára.

Tónlist

Hvað? Klassík í hádeginu
Hvenær? 12.15
Hvar? Gerðuberg
Flytjendur eru Sigurður Halldórsson sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Á dagskránni eru tvær af sónötum Johanns Sebastian Bach. Sigurður leikur á fimm strengja piccolóselló. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Ríó tríó í hálfa öld
Hvenær? 19.00
Hvar? Eldborg, Harpa
Helgi P., Snorri Helgason og Björsi Thor ásamt hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar rifja upp og renna í helstu smelli Ríó tríós í tilefni af því að hálf öld er síðan tríóið var stofnað. Textaskáldið Jónas Friðrik kemur í sérstaka heimsókn og hlýðir félögum sínum yfir textasmíðar. Miðaverð 4.990-11.990 krónur.

Hvað? Útgáfutónleikar Jóns Ólafssonar & Futuregrapher
Hvenær? 21.00
Hvar? Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga
Jón Ólafsson og Futuregrapher sendu á dögunum frá sér sveimplötuna Eitt og efna til útgáfutónleika í kvöld. Samstarf þeirra hefur vakið töluverða athygli enda er bakgrunnur listamannanna ólíkur. Platan Eitt verður flutt í heild. Jón leikur á flygil og Árni leikur ýmiss konar áhrifahljóð og tóna undir. Einnig koma fram listamennirnir Elín Ey og Murya. Miðaverð er 2.900 krónur.

Hvað? Dj Öberinn
Hvenær? 21.00
Hvar? Stofan

Hvað? Dj Ragga
Hvenær? 21.00
Hvar? Frederiksen Ale House

Hvað? Sir Danselot
Hvenær? 21.00
Hvar? Slippbarinn

Hvað? Trúbadorinn Biggi
Hvenær? 21.00
Hvar? American Bar

Hvað? Högni Egilsson
Hvenær? 21.30
Hvar? Valaskjálf, Egilsstöðum
Högni Egilsson ferðast nú um landið og efnir til tónleika. Hann spilar á Egilsstöðum í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur í forsölu og 2.500 krónur við innganginn.

Hvað? Dúndurfréttir
Hvenær? 22.00
Hvar? Græni hatturinn
Hljómsveitin fagnar tuttugu ára afmæli með tónleikum og leikur klassískt rokk eins og það gerist best. Miðaverð er 3.500 krónur.

Hvað? Elín Helena, Mercy Buckets og Betty The Shark
Hvenær? 22.00
Hvar? Bar 11
Hljómsveitirnar Elín Helena, Mercy Buckets og Betty The Shark spila á Bar 11 í kvöld. Frítt inn.

Hvað? Dj Anna Rakel / Jesús
Hvenær? 22.00
Hvar? Lebowski Bar

Hvað? Dj Maggi
Hvenær? 22.00
Hvar? Austur

Hvað? Dj Kári og CasaNova
Hvenær? 22.00
Hvar? Kaffibarinn

Hvað? Dj Styrmir Dansson
Hvenær? 22.00
Hvar? Húrra

Hvað? Blúshljómsveit Ísafjarðar
Hvenær? 22.00
Hvar? Edinborgarsalur, Edinborgarhúsinu
Blúshljómsveit Ísafjarðar verður með tónleika í tilefni af Veturnóttum í Edinborgarhúsinu í ár. Miðaverð er 1.500 krónur.

Hvað? Autonomous
Hvenær? 23.00
Hvar? Ob-La-Dí-Ob-La-Da
Hljómsveitin Autonomous leikur og syngur. Aðgangur ókeypis.

Hátíðir

Hvað? Norræn kvikmyndaveisla
Hvenær? 20.00
Hvar? Háskólabíó
Græna ljósið í samstarfi við Nordisk Film & TV Fond stendur fyrir Norrænni kvikmyndaveislu í Háskólabíói til 27. október. Á hátíðinni verða sýndar þær fimm kvikmyndir sem tilnefndar eru í ár til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Opnunarmynd hátíðarinnar er sænska myndin Gentlemen. Miðaverð er 1.450 krónur.

Uppákomur

Hvað? Ritsmiðja fyrir 8-12 ára
Hvenær? 13.00
Hvar? Hugmyndasmiðjan, Kjarvalsstöðum
Ókeypis ritsmiðja fyrir 8-12 ára. Smiðjan stendur yfir í fimm daga. Á námskeiðinu verða lesnar draugasögur, uppbygging þeirra skoðuð og þátttakendur aðstoðaðir við að skrifa sína eigin hrollvekju. Námskeiðinu lýkur á uppskeruhátíð þar sem fjölskyldum höfundanna er boðið að koma og hlýða á afraksturinn. Þátttaka er ókeypis en fjöldi er takmarkaður þannig að nauðsynlegt er að skrá sig fyrirfram á netfangið fraedsludeild@reykjavik.is

Opnanir

Hvað? Kortlagt landslag
Hvenær? 17.00
Hvar? Íslensk grafík, Hafnarhús
Danski listamaðurinn Jens D. Nielsen opnar sýningu sína Kortlagt landslag í dag. Sýningin er framhald fyrri sýningar listamannsins sem bar nafnið Landslag.

Hvað? Mælipunktar / Measuring points
Hvenær? 17.00
Hvar? Tveir hrafnar Listhús
Opnun sýningar á verkum Húberts Nóa Jóhannessonar.

Leiklist

Hvað? Krísufundur
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi
Leikhópurinn Kriðpleir sýnir sýninguna Krísufundur í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

Edda Björgvinsdóttir kemur fram á Opnunarhátíð Reykjavík Comedy Festival í Silfurbergi, Hörpu kl. 20.00 í kvöld.

TAKK

HERTEX
Fata og Nytjamarkaður

16

2016

Komdu með bílinn í skoðun áður en skammdegið skellur á

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM

FRÍTT WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

32 SKOÐUNAR-STÖÐVAR UM LAND ALLT

Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

- örugg bifreiðaskoðun um allt land

DAGSKRÁ

Föstudagur

19:25
LOGI
Stórskemmtilegur fjölskylduþáttur með Loga Bergmann. Gestir hans í þessum þætti eru þau Ólafur Darri, Steiney Skúladóttir og Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir. Hljómsveitin Agent Fresco tekur lagið og Ben Kronberg verður með skemmtilegt uppistand.

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

21:45
A WALK AMONG THE TOMBSTONES
Skemmtileg spennumynd um leyfislausa einkaspæjarann Matthew Scudder sem missti starf sitt sem lögreglumaður eftir voðaskot sem hann bar ábyrgð á. Ólafur Darri leikur eitt hlutverkanna í myndinni.

20:15
X FACTOR UK
Stórskemmtileg þáttaröð af einum vinsælasta skemmtiþætti veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn.

23:50
THE IMMIGRANT
Árið 1920 sigla pólsku systurnar Ewa og Magda til New York með það fyrir augum að lifa ameríska drauminn en ekki fer allt eins og áætlað er.

20:15
HLEMMAVÍDEÓ
Frábærir gamanþættir um Sigga sem er fráskilinn og rekur gamla vídeóleigu við Hlemm. Aðalhlutverk leikur Pétur Jóhann Sigfússon.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 The Middle
08.30 Make Me a Millionaire Inventor
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Mindy Project
10.45 Hart of Dixie
11.25 Guys aith Kids
11.50 Modern Family
12.10 Heimsókn
12.35 Nágrannar
13.00 The Other End of the Line
14.50 Free Willy: Escape From Pirate's Cove
16.30 Kalli kanína og félagar
16.55 Community 3
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 **Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða og fróðlegar fréttaskýringar.
19.25 Logi
20.15 X Factor UK
21.55 **A Walk Among the Tombstones** Spennumynd frá 2014 sem fjallar um leyfislausa einkaspæjarann Matthew Scudder sem missti starf sitt sem lögreglumaður eftir voðaskot sem hann bar ábyrgð á. Dag einn fær hann tilboð frá höfuðpaur glæpasamtaka sem biður hann um að finna þá sem rændu eiginkonu hans og myrtu hana.
23.50 The Immigrant
01.55 Robocop
03.50 The Other End of the Line
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

07.25 Haukar - Snæfell
09.05 PAOK - FC Krasnodar
10.45 Lazio - Rosenborg
12.25 Keflavík - Haukar
14.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
14.50 Anderlecht - Tottenham
16.30 Liverpool - Rubin Kazan
18.10 Evrópudeildarmörkin
19.00 Njarðvík - Keflavík BEINT
21.00 La Liga Report
21.30 NFL Gameday
22.00 Körfuboltakvöld
23.40 Box. Golovkin vs. Lemieux
02.45 NFL Gameday

SPORT 2

12.30 Watford - Arsenal
14.10 Messan
15.10 Football League Show
15.40 Rotherdam - Burnley
17.25 Swansea - Stoke
19.05 Everton - Man. Utd.
20.45 PL Match Pack
21.15 Premier League Preview
21.45 Premier League World
22.15 Chelsea - Aston Villa
00.05 Newcastle - Norwich
01.45 PL Match Pack 2015/2016
02.15 Premier League Preview

GOLFSTÖÐIN

08.35 Inside the PGA Tour
09.00 PGA Tour
12.00 Golfing World
12.50 Inside The PGA Tour
13.15 PGA Tour
16.15 PGA Tour – Highlights
17.10 Golfing World
18.00 PGA Tour
21.00 PGA Tour

STÖÐ 3

17.20 Hart of Dixie
18.00 Glee
18.45 The Carrie Diaries
19.30 Suburgatory
19.55 Who Gets the Last Laugh
20.20 Hollywood Hillbillies
20.45 Lip Sync Battle
21.10 NCIS. Los Angeles
22.20 Punkturinn
22.45 Grimm
23.30 Sons of Anarchy
00.15 Suburgatory
00.40 Who Gets the Last Laugh
01.00 Hollywood Hillbillies
01.25 Lip Sync Battle
01.45 NCIS. Los Angeles
02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

Könnuðurinn Dóra, 07.00, 11.00 og 15.00

07.00 Könnuðurinn Dóra
07.24 Mörgæsirnar
07.45 Doddi litli og Eyrnastór
07.55 Leyndarmál vísindanna
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveins
08.49 Rasmus Klumpur
08.55 UKI
09.00 Ævintýri Tinna
09.23 Brunabílarnir
09.47 Elías
10.00 Skógardýrið Húgó
10.25 Latibær
10.47 Ævintýraferðin
11.00 Könnuðurinn Dóra
11.24 Mörgæsirnar
11.45 Doddi litli og Eyrnastór
11.55 Leyndarmál vísindanna
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveins
12.49 Rasmus Klumpur
12.55 UKI
13.00 Ævintýri Tinna
13.23 Brunabílarnir
13.47 Elías
14.00 Skógardýrið Húgó
14.25 Latibær
14.47 Ævintýraferðin
15.00 Könnuðurinn Dóra
15.24 Mörgæsirnar
15.45 Doddi litli og Eyrnastór
15.55 Leyndarmál vísindanna
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveins
16.49 Rasmus Klumpur
16.55 UKI
17.00 Ævintýri Tinna
17.23 Brunabílarnir
17.47 Elías
18.00 Skógardýrið Húgó
18.25 Latibær
18.47 Ævintýraferðin
19.00 Robots

GULLSTÖÐIN

18.45 Two and a Half Men
19.10 Friends
19.35 New Girl
19.55 Modern Family
20.20 Hlemmavídeó
20.55 It's Always Sunny in Philadelphia
21.20 Hostages
22.00 The Americans
22.45 The Glades
23.30 The Mentalist
00.15 The Politician's Husband
01.15 Hlemmavídeó
01.50 It's Always Sunny in Philadelphia
02.10 Hostages
02.50 The Americans
03.35 The Glades
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

12.00 Girl Most Likely
13.45 Tiny Furniture
15.25 Journey to the Center of the Earth
17.00 Girl Most Likely
18.45 Tiny Furniture
20.25 Journey to the Center of the Earth
22.00 **Dawn of the Planet of the Apes** Í fyrri myndinni, Rise of the Planet of the Apes, öðlast aparnir gáfur og talmál manna í kjölfar tilrauna á heila þeirra. Nú eru liðin 10 ár og skæð veira hefur lagt að velli stóran hluta mannkyns og apa. Aparnir eru duglegir að bjarga sér og hafa komið sér fyrir í skóglendi utan við San Francisco og fylgjast úr fjarlægð með hnignun manna. Með aðalhlutverk fara Gary Oldman og Keri Russell.
00.10 Hit & Run
01.50 **The Master** Dramatísk mynd frá 2012 með Joaquin Phoenix, Philip Seymour Hoffman og Amy Adams í aðalhlutverkum. Bandarískur sjóliði snýr heim úr síðari heimsstyrjöldinni og lendir í erfiðleikum með að fóta sig í lífinu þar til hann kynnist sértrúarsöfnuði og heillandi leiðtoga þeirra. Leikstjóri og handritshöfundur er Paul Thomas Anderson.
04.05 Dawn of the Planet of the Apes

RÚV

16.50 Stiklur
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Litli prinsinn
18.20 Leonardo
18.50 Öldin hennar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Vikan með Gísla Marteini
20.25 Frímínútur
20.40 **Útsvar** Bein útsending frá spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
21.55 Arne Dahl – Mikið vatn
23.30 The Bling Ring
01.00 Looper
02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Design Star
09.45 Million Dollar Listing
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.00 Bundesliga Weekly
13.30 Cheers
13.55 Dr. Phil
14.35 Life in Pieces
15.00 Grandfathered
15.25 The Grinder
15.45 Red Band Society
16.25 The Biggest Loser
17.05 The Biggest Loser
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 America's Funniest Home Videos
19.35 The Muppets
20.00 The Voice Ísland
21.30 Blue Bloods
22.15 The Tonight Show
22.55 Elementary
23.40 Hawaii Five-0
00.25 Scandal
01.10 Secrets and Lies
01.55 Blue Bloods
02.40 The Tonight Show
03.20 The Late Late Show
04.00 Pepsi MAX tónlist

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HB HÚSGAGNA BANKINN

LAGERSALA

FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030

Sófaborð - verð 84.000
Tilboð 67.000

Hliðarborð - verð 57.000
Tilboð 42.000

Borðstofuborð og stólar - verð 541.000
Tilboð 341.000

Hliðarborð - verð 79.000
Tilboð 59.000

Chippendale skápur - verð 340.000
Tilboð 259.000

Classico sófasett - leður - verð 437.000
Tilboð 349.000

Lampaborð - verð 57.000
Tilboð 43.000

Park Lane tungusófi - leður - verð 398.000
Tilboð 295.000

Náttborð - verð 65.000
Tilboð 49.000

Glerskápur - verð 165.000
Tilboð 123.000

Glerskápur - verð 212.000
Tilboð 169.000

Glerskápur - verð 125.000
Tilboð 94.000

Hornskápur - verð 98.000
Tilboð 73.000

Hornskápur - verð 149.000
Tilboð 112.000

Hægindastóll leður - verð 139.000
Tilboð 109.000

Hægindastóll áklæði - verð 89.000
Tilboð 69.000

Teborð - verð 66.000
Tilboð 49.000

Skrifpúlt - verð 129.000
Tilboð 97.000

WWW.HUSGAGNABANKINN.IS

HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR
SÍÐASTI DAGUR 31. OKTÓBER

SLÁTURMARKAÐUR Í HAGKAUP SMÁRALIND AFGREITT FRÁ KL. 14-18*

*ALLA DAGA NEMA SUNNUDAGA OG MÁNUDAGA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ÓFROSIÐ OG FERSKT DAGLEGA!

Heilslátur 5 ferskt	5.599 kr/pk
Heilslátur 3 ferskt	3.599 kr/pk
Heilslátur 5 ferskt án blóðs	5.399 kr/pk
Heilslátur 3 án blóðs	3.399 kr/pk
Þindar	399 kr/kg
Eistu	559 kr/kg
Blóð 1 L	189 kr/pk
Mör	169 kr/kg
Sviðahausar hreinsaðir	659 kr/kg
Vambir 3 stk	1.099 kr/pk

AF NÝSLÁTRUÐU
Í NÆSTU HAGKAUPSVERSLUN

Gott verð

FROSIN LAMBABÓGUR 798 kr/kg

FROSIN STUTT LÆRI 1.298 kr/kg

Nýtt í Hagkaup

Kevita lífrænir drykkir
Öflugir drykkir fyrir meltinguna

Raffaello og Ferrero Rocher
Sælkerakonfekt

NÝTT Í HAGKAUP
GUY FIERI PASTASÓSUR

GREEN PEPPER

PEPPERONI MARINARA

TRADITIONAL OLD SKOOL

SPICY TOMATO

Nýtt í Hagkaup

Nýtt frá Nóa Siríus
Með karamellukurli og sjávarsalti.

Gott verð

999 kr/stk

Turmeric drykkirnir
Með og án kókos

Gildir til 25. október á meðan birgðir endast.

HREKKJAVÖKUVÖRURNAR FÆRÐU Í HAGKAUP!

GRASKER 299 kr/kg

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-LUNDIR
2.332 kr/kg
verð áður 3.110

HEIT TÆLENSK SÚPA Í HAUSTKULDANUM

2 msk olía til steikingar
1 pk kjúklingalundir
1/2 sæt kartafla, skorin í litla bita
1/2 rauð papríka, skorin í litla bita
3 vorlaukar, sneiddir
2 hvítlauksrif, pressuð
1 tsk rifinn ferskur engifer
2 tsk fish sauce
1 msk rautt karrýmauk
2 dósir kókosmjólk
500 ml vatn
1 1/2 kjúklingakraftstengingur
1 msk safi af límónu
ferskt kóríander

Steikið kjúklinginn ásamt sætu kartöflunni og steikið þar til að kjúklingurinn er alveg steiktur í gegn. Bætið þá papríkunni, vorlauknum, hvítlauknum og engiferinu og steikið stutta stund. Bætið fish sauce og karrýmauki saman við og hellið kókosmjólk og vatninu úr í ásamt kjúklingakraftinum og límónusafanum. Látið súpuna malla í 20-30 mínútur. Stráið söxuðu fersku kóríander yfir súpuna áður en að hún er borin fram.

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KJÚKLINGALEGGIR FERSKIR
749 kr/kg
verð áður 999

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUR
1.959 kr/kg
verð áður 2.799

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBALÆRI KRYDDLEGIÐ
1.867 kr/kg
verð áður 2.489

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

UNGNAUTA PIPARSTEIK
3.439 kr/kg
verð áður 4.299

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

LAMBALUNDIR
4.199 kr/kg
verð áður 5.999

999 kr/pk
verð áður 1.299

MELTON MOWBRAY PORK PIE

Í Melton Mowbray Pork Pie er eingöngu notað ferskt breskt svínakjöt. Bökurnar eru bakaðar í ljúffengu degi samkvæmt gamalli hefð og eru án allra aukefna og transfitu. Bökurnar koma fulleldaðar og þarf aðeins að hita.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hotline Bling – Drake dansar sig í hjörtu fólks

Kanadíski rapparinn Drake hefur enn einu sinni slegið í gegn. Í vikunni sendi hann frá sér myndband, sem í einfaldleika sínum setti hreinlega netið á hliðina. Margir stærstu fréttamiðlar heims hafa fjallað um myndbandið, sem hefur fangað athygli milljóna um allan heim.

Drake nýtur gífurlegra vinsælda um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is

Drake hefur nú dansað sig inn í hug og hjörtu aðdáenda sinna. Myndbandið við Hotline Bling virkar einfalt í uppsetningu, er stílhreint en um leið litríkt og Drake sýnir á sér nýjar hliðar með dansi sínum. Dansinn hefur slegið í gegn og hafa netverjar keppst við að búa til stutt myndbönd þar sem Drake er settur í nýjan búning, þar sem danshreyfingunum er gefið ný merking. Til dæmis hefur tennisspaði verið settur í hendur hans í einu myndbandinu og virðist hann vera að slá bolta með danshreyfingunum. Klæðnaður Drake hefur einnig vakið mikla athygli. Svo virðist sem rapparinn kanadíski geri ekkert fyrir tilviljun; allt virkar svo útpælt. Og þannig er það líka með fatnaðinn í myndbandinu.

Úlpurnar hafa rokselst

Meðal þess sem Drake klæðist í myndbandinu er úlpa frá Moncler. Úlpan kallast Maya og kostar 1.150 Bandaríkjadali, eða tæpar 150 þúsund krónur. Síðan Drake sást í myndbandinu hafa vinsældir úlpna frá þessu franska og ítalska hátískufyrirtæki stóraukist. Vanity Fair og Business Insider sögðu frá því að salan á úlpunum hefði tvöfaldast eftir að Drake klæddist einni slíkri í myndbandinu. Blaðamaður Vanity Fair líkti rapparanum við hertogynjuna Kate Middleton; hann geti gert allt vinsælt. Hefur Drake því fengið nýtt viðurnefni í kjölfarið, hertoginn af Toronto. Drake er í ýmsum hátískufatnaði og má sjá útlistun á því sem hann klæðist hér til hliðar.

Mesti lúðinn í rappinu

Fjöldi blaðamanna og gagnrýnenda hefur tjáð sig um myndbandið. Það sem mörgum finnst standa upp úr er hversu lúðalegur Drake er í raun og veru. En þeim sömu og þykir hann lúðalegur finnst hann einmitt valda lúðahlutverkinu vel. Þeim finnst hann ekki vera að sýnast, ekki þykjast vera annar en hann er, heldur einmitt að dansa bara eins og enginn sé að horfa og njóta lífsins. Einnig þykir þetta, hversu einfalt myndbandið er, vera ákveðin skilaboð frá Drake. Hann getur sent frá sér „minímalískt“ myndband og samt sett netið á hliðina.

Normalísering rappsins

Í árdaga var harðneskjan þekktasta stef rappsins. Hip-hop menningin fæddist í fátækrahverfunum og gaf hinum raddlausu vald til þess að láta í sér heyra. Í rapptextum hefur í gegnum tíðina mátt heyra sögur af erfiðu lífi, glæpum og fleiru. Ofbeldishneigð hefur gjarnan verið talin dyggð í rappheiminum, ef svo má segja. Allavega í tilteknum kimum menningarinnar. Drake hefur aftur á móti fært rappið nær poppmenningunni. Þessi fyrrverandi leikari í kanadískri sápuóperu hefur sýnt á sér mjúkar hliðar, en um leið fádæma hæfileika sem rappari. Þetta hefur breytt rapptónlistinni mikið og normalíserað hana. Ein birtingarmynd þess er að allir virðast vita um tengsl Drake við rapparann Quentin Miller, sem er talinn skrifa talsvert af textum Drake. Fyrir áratug hefðu stærstu rapparar heims ekki fengið frið hefðu þeir verið með skuggaskrifara á sínum snærum. Því í gegnum tíðina hefur það verið talið mikilvægt að rapparar skrifi sjálfir sína texta. Þetta sinnuleysi aðdáenda Drakes fyrir tengslunum við Miller sýnir líklega hversu nálægt poppmenningunni hann er kominn.

Litaþemað stolið?

Litadýrðin í myndbandinu við Hotline Bling er líklega það sem grípur áhorfendur mest, á eftir danshreyfingum rapparans. Strax eftir að það birtist á vefnum fóru margir að velta því fyrir sér hvort listamaðurinn James Turrell hefði unnið með Drake að myndbandinu. Turrell hefur unnið mikið með svipaða liti og svipuð rými í sínum verkum og meðal annars sýnt þau í LACMA-safninu í Los Angeles. Drake sagði frá því við Rolling Stone í fyrra að hann væri aðdáandi Turrells. En þrátt fyrir aðdáunina er það staðreynd að Turrell hafði ekkert að gera með myndbandið. Og þykir mörgum það svolítið sérstakt.

Turrell sendi frá sér tilkynningu, sem erfitt er að snara yfir á íslensku, því hann leikur sér að yfirlýsingum og textum Drake. En í henni segir listamaðurinn skýrt að hann hafi ekki komið nálægt vinnu myndbandsins. Leikstjóri myndbandsins, sem kallar sig Director X, svaraði Turrell. Sagði frá því að hann hefði sjálfur unnið með svipuð rými og ljós í um áratug. Hann sagðist skilja að fólk líkti þessu við verk Turrells, en að þetta væri einfaldlega eitthvað sem hann sjálfur hefði gert lengi. Og ef myndböndin hans eru skoðuð virðist hann vera að fara með rétt mál.

Í HVERJU ER DRAKE Í MYNDBANDINU?

„Lúkk“ númer eitt:
- Jayden-rúllukragapeysa frá Acne Studios. Kostar um 50 þúsund krónur í Norður-Ameríku.
- Gráar joggingbuxur frá Acne Studios. Kosta um 31 þúsund krónur í Norður-Ameríku.
- Timberland-skór. Kosta um 25 þúsund krónur í Norður-Ameríku.

„Lúkk“ númer tvö:
- Maya-úlpa frá Moncler. Kostar um 150 þúsund krónur í Norður-Ameríku.
- Manoa-leðurskór frá Nike. Kosta um 12 þúsund krónur í Norður-Ameríku.

„Lúkk“ númer þrjú:
- Hettupeysa frá fyrirtækinu October's Very Own. Kostar um 20 þúsund í Norður-Ameríku.
- Joggingbuxur frá fyrirtækinu October's Very Own. Kostar um 16 þúsund í Norður-Ameríku.
- Air Max 90 skór frá Nike. Kosta um 15 þúsund í Norður-Ameríku.

Nýjar vörur komnar í hús frá Jelly Bean og Kenneth Turner

ERUM EINS ÁRS! Allar vörur á 20% afslætti, bara í dag!

Ef keypt er yfir 10.000 kr. fylgir gjöf!

Úrval af fallegri gjafavöru! Verslunin er í Ármúla 23

amira
- dekraðu við heimilið -

Merki hjá Amíru: HardangerBestikk KENNETH TURNER LONDON HEDEMANN DENMARK compliments JellyBean

Opnið mánud. - föstud. 11.00 - 18.00, opið um helgina: laugard. 12.00 - 16.00 - Amíra - Ármúla 23, amira.is

Frægir á ferð og flugi

Hollywood er víða, en líkt og sjá má var mikið að gera hjá stjörnunum síðustu daga. Tidel, tónlistarveita Jay-Z, henti í stórtónleika í New York og Hillary Swank sniglaðist um á japanskri kvikmyndahátíð en Ellen Page sprellaði í Róm.

Miley Cyrus fór í hið þrettánda LA Country Walk til að vekja athygli á sjúkdómnum ALS í Los Angeles á dögunum.

Ellen Page gengur rauða dregilinn á frumsýningu Freeheld í Róm á dögunum.

Fyrirsætan Miranda Kerr mætti á hina árlegu verðlaunahátíð ELLE Women in Hollywood í Los Angeles.

Hillary Swank var mætt til Tókýó á alþjóðlega kvikmyndahátíð sem hófst þar í gær.

Nicki Minaj og Beyoncé voru heldur betur flottar þegar þær komu fram á viðburðinum TIDAL X: 1020 Amplified by HTC í New York á þriðjudaginn.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Fjölmiðlaviðurkenning Jafnréttisráðs 2015

Jafnréttisráð óskar eftir tilnefningum til fjölmiðlaviðurkenningar Jafnréttisráðs.

Í ár mun Jafnréttisráð, ásamt ráðherra jafnréttismála, veita sérstaka fjölmiðlaviðurkenningu aðilum sem hafa skarað fram úr þegar kemur að umfjöllun um mál sem tengjast jafnrétti kynjanna.

Fjölmiðlaviðurkenningin verður afhent á Jafnréttisþingi sem haldið er 25. nóvember næstkomandi.

Viðurkenningu getur hlotið:

a. Fjölmiðill sem skarað hefur fram úr á sviði jafnréttismála, s.s. hvað varðar efnistök, umfjöllun og miðlun efnis.
b. Þáttur, þáttaraðir, greinar eða annað afmarkað efni þar sem jafnrétti er sérstakt viðfangsefni eða leiðarstef.
c. Einstaklingur sem með störfum sínum á fjölmiðli hefur unnið sérstaklega að jafnréttismálum.

Tilnefningar skulu vera rökstuddar. Til að koma til álita við veitingu viðurkenningarinnar þarf viðkomandi aðili að vera tilbúinn að veita frekari upplýsingar.

Tilnefningum skal skila eigi síðar en **27. október 2015** á rafrænu formi á netfangið jafnretti@jafnretti.is

Með fjölmiðli er átt við stofnun eða fyrirtæki, lögaðila, sem safnar, metur og setur fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði (Menntamálaráðuneytið, apríl 2005).

Vilhjálmur Bretaprins heilsar hér körfuboltakappanum Yao Ming.
NORDICPHOTOS/GETTY

Jack Black er alltaf í stuði, hér er kappinn kátur á frumsýningu kvikmyndarinnar Goosebumps í Mexíkó.

NÝTT

M/KARAMELLUKURLI
OG ÍSLENSKU SJÁVARSALTI

... svo gott

Einstakt bragð sem þú verður að prófa!

Ómótstæðilegt Sírius Rjómasúkkulaði, blandað stökkri karamellu og ljúffengum sjávarsaltflögum frá Norðursalti.

Quality Cocoa
for a Better Life

ÁRNASYNIR

Æfir uppistandið í bílnum

Anna Þóra Björnsdóttir leiddist óvart út í uppistand fyrir rúmu ári. Síðan þá hefur hún komið fram og flutt uppistand og kemur nú fram á opnunarsýningu Reykjavík Comedy Festival klædd í silfurbuxur og bleika skó.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Anna Þóra Björnsdóttir, fimmtíu og þriggja ára móðir og eigandi gleraugnaverslunarinnar Sjáðu í miðbænum er einn þeirra uppistandara sem koma fram á opnunarsýningu Reykjavík Comedy Festival í kvöld.

Anna Þóra leiddist hálf óvart út í uppistand í desember síðastliðnum þegar hún ákvað að skella sér á námskeið hjá Þorsteini Guðmundssyni. Nú söðlar hún um og það er nóg að gera en hún segir samt ekki já við hvaða verkefni sem er. „Ég er bara búin að hafa fullt að gera þannig. Ég segi ekkert já við öllu, bara því sem mig langar að gera," segir hún og hlær en hún hefur meðal annars verið að troða upp í gæsa- og steggjapartíum og á árshátíðum.

Gert margt miklu erfiðara

Anna Þóra segir að hún hafi hlotið talsverða athygli í kjölfar uppistandanna og fólki finnist stundum skrítið að kona á hennar aldri standi uppi á sviði og segi brandara. „Þetta hefur bara spurst út og fólki virðist finnast það alveg ofboðslega fyndið að kona komin yfir fimmtugt geti sagt brandara," segir hún ögn hneykslað en bætir við að hún hafi rosalega gaman af uppistandinu.

Hún neitar þó ekki að hún verði vör við örlítið stress áður en hún stígur á svið. Það örlar þó ekki á því fyrir kvöldið, að minnsta kosti ekki enn, en að hennar sögn er það aðallega vegna þess að hún var búin að gleyma sýningunni.

„Ég er ekkert búin að hugsa um þetta. Ég var hreinlega búin að gleyma þessu þar til frænka mín minnti mig á þetta og sagði mér að ég þyrfti að fara að æfa mig," segir hún glöð í bragði og bætir við: „Ég hef nú gert margt miklu erfiðara en þetta."

Anna Þóra notar bílinn oft sem vettvang til æfinga en einnig prófar hún efnið á nákomnum. „Ég æfi mig mikið í bílnum og er líka alltaf að tala við sjálfa mig í hausnum og reyni svo bara að þrusa þessu út. Svo æfi ég mig á manninum, strákunum mínum og vinkonunum.

„ÞETTA HEFUR BARA SPURST ÚT OG FÓLKI VIRÐIST FINNAST ÞAÐ ALVEG OFBOÐSLEGA FYNDIÐ AÐ KONA KOMIN YFIR FIMMTUGT GETI SAGT BRANDARA.

Strákarnir mínir eru mjög krítískir en vinkonum mínum finnst allt sem ég segi fyndið."

Í silfurbuxum í Silfurbergi

Líkt og áður sagði fór Anna Þóra á uppistandsnámskeið hjá Þorsteini Guðmundssyni á síðasta ári, það var þó hálf óvart og hún hafði aldrei látið sig dreyma um feril sem uppistandari fyrir námskeiðið.

„Ég hef oft verið að taka völdin í selskap og svoleiðis. Mér finnst voða gaman að sjokkera og ganga fram af fólki. Mér finnst gaman að dansa á þessari línu og sjá viðbrögðin," segir Anna Þóra og bætir við að hún sæki yfirleitt innblástur í atburði úr eigin lífi. „Maður þarf að geta gert grín að sjálfum sér."

Í kvöld stígur Anna Þóra á svið í silfurbuxum sem voru sérstaklega keyptar fyrir tilefnið. „Ég var í gullbuxum þegar ég fór á svið í fyrsta skipti og nú verð ég í silfrinu og á bleikum skóm. Þetta eru voða pælingar og daman verður tekin á þetta," segir hún hlæjandi og segir hugmyndir um að konur eigi að vera dömur stundum trufla sig og oft hafi verið haft orð á því á hennar yngri árum að hún væri ekki nógu dömuleg. „Ég vona að það sé að brotna upp úr þessum staðalímyndum. Ég held að ég sé bara fædd tuttugu árum of snemma."

Opnunarsýning Reykjavík Comedy Festival fer fram í Silfurbergi klukkan 20.00 í kvöld og munu þau Björk Jakobsdóttir, Edda Björgvinsdóttir, Helga Braga, Laddi, Ólafía Hrönn, Snjólaug Lúðvíksdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Vala Kristín og Júlíana Sara stíga á svið ásamt Önnu Þóru. Anna Þóra er að vonum spennt fyrir kvöldinu og segist fá mikið kikk út úr því að standa uppi á sviði. Hún bætir við að hún hafi nú ekki enn lent í því að vera púuð niður en stressar sig ekki mikið á því að það geti komið fyrir. „Það hafa víst allir lent í því, kannski gerist það á morgun," segir hún og skellir upp úr.

Anna Þóra er ekki stressuð fyrir sýningu kvöldsins enda var hún búin að gleyma henni. Hún steig fyrst á svið í gullbuxum og kemur fram í silfurbuxum í Silfurbergi í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

TRÚÐARNIR LÁTA ALLT FLAKKA

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á EPÍSKA TRÚÐAÓPERU

Lau 31/10 kl. 20 UPPSELT	Lau 14/11 kl. 20 UPPSELT	Mið 25/11 kl. 20 UPPSELT
Þri 3/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 21/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 28/11 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
Fim 5/11 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI	Sun 22/11 kl. 20 UPPSELT	Fös 4/12 kl. 20 UPPSELT

TM

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Birtu Björnsdóttur

Grátt í höllinni

Málefni flóttamanna og innflytjenda eru í algleymingi og stór hluti umræðunnar snýst um hvernig búa megi í haginn til þess að þeim sem náðarsamlegast fá hingað að flytja líði vel.

Við höfum allavega eitt víti til varnaðar varðandi aðbúnaðinn. Sama hvað bíður hinna verðandi landsmanna verðum við allavega að ganga úr skugga um að það verði ekki sama ömurðin og beið ungs fransks manns sem flutti til Danmerkur upp úr miðri síðustu öld.

Sá giftist danskri konu og starfs hennar vegna halda þau heimili í Danmörku. Þá hófst misréttið. Það væsti svo sem ekki um manninn, hann átti til hnífs og skeiðar og vel það. Gat haldið áfram að rækta vínviðinn sinn og elda góðan mat. Og ekki þurfti hann að hafa áhyggjur af útgjöldum, því danska þjóðin sá um að greiða þau.

Maðurinn er hans konunglega tign Hinrik, prins af Danmörku, titill sem stingur í augun því hann hefur alla tíð átt þá ósk heitasta að fá að vera kóngur. Að vera þriðji í virðingarröðinni á eftir eiginkonu sinni, drottningunni, og elsta syni er meira en hann getur þolað og hefur undanfarna áratugi sniðgengið ýmsa viðburði tengda konungsfjölskyldunni til að vekja máls á þessu misrétti. Því Hinrik má eiga það að hann gefst ekki upp. Með mannlaust bakland rýkur okkar maður reglulega á vínekru sína í Frakklandi í fússi, með skeifu niður á herðar og íhugar stöðu sína innan konungsfjölskyldunnar.

Ekki skal gera lítið úr baráttuþreki nokkurs manns og öll eigum við okkar markmið og drauma. Á meðan ég óska Hinriki alls hins besta í lífinu vona ég þó að þó nokkrir íbúar heimsins fái sínar heitustu óskir uppfylltar á undan honum.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

UMHVERFISMERKI 141 381
Prentgripur
FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR !
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
www.gudjono.is · Sími 511 1234

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

RÝMUM TIL FYRIR NÝJA TÍMA

SÍÐUSTU DAGAR

VEGNA BREYTINGA Á VERSLUN OKKAR Í FAXAFENI BJÓÐUM VIÐ SÝNINGAREINTÖK OG ELDRI GERÐIR AF ÝMSUM VÖRUM MEÐ 20–50% AFSLÆTTI.

..... NÚ ER TÆKIFÆRIÐ .....

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16